



Fundargerðir bæjarráðs 1938

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Dejarnaf 1938.

HAJARKRÖNN
REYKJAVÍKUR

Fundargerðir

BÆJARRÁÐS
REYKJAVÍKUR

1938

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 7. janúar kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Ingvar Vilhjálmsson, Ásv. 12 sækir um leyfi bæjarráðs til þess að reisa allt að 50 fiskitrönur á vesturreit fiskverkunarstöðvarinnar við Haga, sem hann hefir á leigu. Bæjarráð samþykkir beiðnina.
2. E. Hafberg gefur nýjar upplýsingar um sölutilboð á eigninni Mjóstræti 6, en bæjarráð hafnaði kaupnum 17. des. f.á. Bæjarráðið hafnar enn kautilboði.
3. Jóhann Jóhannesson æskir þess að bæjarsjóður kaupi aftur lóðina nr. 5 við Hávallagötu og leigi sjer með venjulegum lóðarleiguskilmálum. Synjað.
4. Bæjarstjórn hafði vísað til bæjarráðs til athugunar á ný 11. lið fundargerðar bæjarráðs 17. des. Að fengnum nýjum upplýsingum var ákveðið að hafna öllum tilboðum um lögreglufatnað, en fela borgarstjóra og Jóhanni Ólafssyni að semja um kaup á fatnaði handa lögreglunni.
5. Reinh. Andersson býður að selja lögreglunni einkennishúfur.
6. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 6. þ.m.
7. Samþ. að taka Norðurmýrarbl. XI úr erfðafestuleigu og greiða erfðafestuhafa kr. 4350,- fyrir ræktun etc., sem svarar til endurkaupsverðs skv. síðustu matsgerðum.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson

Guðm. Ásbjörnsson Jóh. Ólafsson

Bjarni Benediktsson Stefán Jóh. Stefánsson

Jón Axel Pétursson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, mánudaginn 10. janúar kl. 2 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Til umræðu voru teknar framkomnar kærur yfir kjörskrá við bæjarstjórnarkosningarnar 30. þ.m.

Kærunum vísað til bæjarstjórnar.

Bæjarráð leggur til að fólk sem kært er inn á kjörskrá og var ekki talið hjer heimilisfast við manntal 1936, verði því aðeins tekið á kjörskrána að sannað verði fyrir bæjarstjórn að kærandi hafi verið hjer heimilisfastur í febrúarmánuði 1937, þegar kjörskrá var samin.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson

Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson

Bjarni Benediktsson Stefán Jóh. Stefánsson

B Æ J A R R Á Þ .

Ár 1938, föstudaginn 14. janúar kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Beiðni leigjanda lóðarinnar Barónsstíg 63 um að lóðin fái umferðarjett um lóðina Leifsgötu 4 vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
2. Borgarstjóra heimilað að greiða erfðafestuhafa Melbletts VII 30 aura endurkaupsverð fyrir hvern fermeter landins, en hinn 22. desbr. 1936 var ákveðið að taka landið úr erfðafestuleigu.
3. Bæjarráð vill ekki sinna erindi hf. Lakkrísgerðarinnar um bætur vegna þess að verksmiðjulóð fjelagsins við Vitastíg er minni, en í fyrstu var gert ráð fyrir.
4. Samþ. að kaupa raflögn sem hf. Olúuverzl. Íslands á í svonefndum frönsku húsum við Tryggvagötu fyrir 100 kr.
5. Lögð fram skýrsla Alex. Guðmundssonar um mjólkureftirlit 1937.
6. Lögð fram uppsögn Alex. Guðmundssonar á starfi sem hann hefir haft með höndum undanfarið við mjólkureftirlit hjer í bænum.
7. Bráðabirgða undirbúningsnefnd fyrir þátttöku í heimssýningu í New York 1939 fer fram á að bæjarsjóður leggi fram 5 - 10 þús. krónur til þátttöku Íslands í sýningunni.
8. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulaus verkamenn 13. þ.m.
9. Bæjarráð vill ekki greiða reikning frá Daníel Hjálmsyni vegna fyrirhafnar hans við að gefa fuglunum á Tjörninni brauðmola síðastliðin 4 ár.
10. Lagt fram brjef frá A.B. Berdal vrk. fræðingi, Oslo, með skýrslu um viðtal er hann átti við Höjgaard Helmutt & Schultz A.S. um reikningalok vegna byggingu Ljósafossstöðvarinnar.
Samþ. að gefa rafmagnsstjóra umboð til þess að ganga frá reikningsskilum við Höjgaard & Schultz A.S. ásamt með Berdal verkfræðingi.

Fleira ekki gert,
fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Guðm. Ásbjörnsson Stefán Jóh. Stefánsson
Jakob Möller Jón Axel Pétursson
Bjarni Benediktsson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 21. janúar kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Sigurður Halldórsson Öld. 29 sækir um leyfi til þess að byggja söluskála á væntanlegu torgi við Bergþórugötu og Barónsstígs. Synjað.
2. Egill Vilhjálmsson æskir þess að samningi um lóðina nr. 118 við Laugaveg verði breytt þannig að leigutíminn verði ákveðinn 75 ár í stað 40 ára.
3. Samþ. að selja Skúla Thorarensen á leigu lóð til fiskgeymslu og fiskafurðaframleiðslu við framlengingu Skúlagötu (í landi Sjóstöðvarinnar) 399 fermetra að stærð og borgarstjóra falið að ganga frá leigusamningnum.
4. Lögð fram matsgerð lóðarmatsnefndar á leigu eftir lóð hf. Hamars við Hringbraut norðan Vesturgötu. Borgarstjóra falið að ganga frá leigusamningnum.
5. Lögð fram skýrsla vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 20. þ.m.
6. Samþ. að heimila borgarstjóra að kaupa fyrir allt að fasteignamatsverð nokkrar lóðarspildur við Bræðraborgarstíg vegna breikkunar götunnar.
7. Fjel. ísl. símamanna óskar eftir því að akfær vegarspotti verði lagður frá talstöð-inni á Vatnsendahæð niður að hressingarhæli símamanna við Elliðavatn. Bæjarráð mælir með því að ríkisstjórnin láti leggja veginn í atvinnubótavinnu.
8. Skipaðar undirkjörstjórnir við bæjarstjórnarkosningarnar 30. þ.m.
Borgarstjóra falið að skipa menn í kjörstjórnir í stað þeirra sem kunna að forfallast.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson

Jakob Möller Stefán Jóh. Stefánsson

Bjarni Benediktsson Jón Axel Pétursson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 28. janúar kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Bústaðabletti VIII með húseigninni Hreiður fyrir kr. 10.500.- Hafnað.
2. Samþ. að leigja Þorkeli Jónssyni og Tryggvja Ásgrímssyni svonefnd „frönsku hús“ við Skúlagötu. Borgarstjóra falið að gera leigusamning.
3. Atvinnu- og samgöngumálaráðueytið sendir þingsályktun neðri deildar Alþingis 16. apríl 1937 um ráðstöfun á bæjarstæði Ingólfs Arnarsonar með ósk um að bæjarstjórinn kjósi 1 eða 2 menn í nefnd til að gera tillögur um málið.
4. Slysavarnafjlagið sendir skýrslu um slysavarnir fjelagsins í landi árið 1937.
5. Ferðafjlag Íslands þakkar bæjarstjórn veittan styrk og sendir teikningar af sæluhúsi fjelagsins í Kerlingafjöllum. Sömul. sendir fjlagið að gjöf stækkaða mynd af Mið- og Vesturbænum sem tekin var úr lofti af dönsku mælingarmönnum síðastl. sumar.
6. Hemilisiðnaðarfjlag Íslands sendir skýrslu um námskeið fjelagsins hjer í Reykjavík árið 1937, sem bæjarstjórn hefir styrkt.
7. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 27. þ.m.
8. Lögð fram skýrsla um Sundhöllina í desbr. síðastl. svo og skýrsla um aðsókn og tekjur frá 24. mars 1937, en þá var Sundhöllin opnuð fyrir almenning, til áramóta.
9. Samþ. að setja Jakob Guðjohnsen sem rafmagnsstjóra í fjarveru Steingríms Jónssonar.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Guðm. Ásbjörnsson Bjarni Benediktsson
Jakob Möller Stefán Jóh. Stefánsson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 4. febrúar kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Hið nýkjörna bæjarráð skipa bæjarfulltrúarnir Bjarni Benediktsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Jakob Möller og Stefán Jóh. Stefánsson.

Varamenn: Jón Björnsson, Helgi H. Eiríksson, Valtýr Stefánsson, Gunnar Thoroddsen og Jón A. Pjeturson.

Borgarstjóri var kosinn formaður bæjarráðsins, Guðm. Ásbjörnsson varaformaður og Stefán Jóh. Stefánsson ritari.

Pá var tekið fyrir:

1. Synjað erindi Jónatans Halldórs Runólfssonar um allt að 15 þús. kr. styrk til sjálfstæðs iðnreksturs.
2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Bústaðabletti IX fyrir kr. 9500. - Hafnað.
3. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofunnar fyrir desbr.mánuð 1937.
4. Geir Gunnlaugsson, Eskihlíð sækir um Vatnsmýrarblett I á leigu.
5. Samþ. að gefa Unu Pjetursdóttur kost á lóðinni nr. 10 við Mánagötu.
6. Samþ. að gefa Axel R. Kristjánssyni kost á leigulóðinni nr. 12 við Mánagötu.
7. A. Claessen Lauf. 40 spyrst fyrir um hvort bæjarsjóður muni endurgreiða fasteignagjöld af húseigninni Fjólugötu 9 frá 1. júní 1937, en þá seldi hann eignina sænska ríkinu. Bæjarráð svarar erindinu neitandi.
8. Eftir tillögu bæjarverkfræðings samþykkir bæjarráð e.a. að greiða Soffu Einarsd. Vesturg. 53a bætur fyrir átroðning er gert var við Vesturgötu.
9. Lagt fram brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins dags. 29. f.m. um fyrirhugaðan flugvöll í Vatnsmýri.
10. Útsvarsmál: Jón Jóhannsson, Styr.6., Þuríður Sveinsson & Co. hf., Jensen E.L. Túng. 20, Ingvar Gunnlaugsson Egilsg.12, Hans Christiansen Reykholti Garðahr., Kristín Sveinbjörnsdóttir Bergþ. 1, Pjetur Gunnlaugsson Baugsveg 4, Guðmundur Helgason Óð. 4, Ólafur Kristjánsson Lauf. 4, Gunnl. J. Fossberg Mið. 10, Sigurmundur Guðnason Reykjav. 4, Schmidt, H.C. Sólv. 4, Stefán B. Björnsson Bjark. 10, Halldór Jónsson Njálg. 96.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Guðm. Ásbjörnsson Stefán Jóh. Stefánsson
Guðm. Eiríksson Bjarni Benediktsson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 11. febrúar kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Petta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá Þórði Erlendssyni Syðri-Brú með kröfum um Kr. 7.389,60 bætur vegna sandtöku Höjgaard & Scultz's í landareign hans við byggingu Ljósafofsstöðvarinnar. Beiðist hann þess að bæjarsjórn greiði fyrir því, að hann fái þessar kröfur greiddar. Bæjarráð vill ekki sinna þessum kröfum að því leyti, sem þær kunna að vera Sogsvirkjun viðkomandi.
2. Samþ. með 3:2 atkv. að heimila rafmagnsstjóra að kaupa f.h. Sogsvirkjunar skrifstofuhús, íbúðarhús og miðstöðvarhús m/katli af A.S. Höjgaard & Schultz fyrir allt að 10 þús. krónur.
3. Sig. Sigurðsson berklayfirlæknir gerir tillögur um að Reykjavíkurbær bjóði að hita upp Vífilstaðahælið með rafmagni gegn því að bætt verði þar við sjúkrahúsum. Vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.
4. Lagt fram erindi frá Axel Helgasyni þar sem hann fer fram á að bæjarstjóri kaupi af honum eina eða fleiri afsteypur af upphleyptu korti af Íslandi og greiði fljótlega 1000 kr. upp í kaupverðið.
5. Lúðrasveit Reykjavíkur sendir skýrslur um hljóðfæraleik sinn útivið á síðastliðnu ári.
6. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 10. þ.m.
7. Lagður fram reikningur Sjúkrasjóðs „Hins Ísl. Kvenfjelags“ árið 1937.
8. Lögð fram skýrsla barnaverndarnefndar Reykjavíkur árið 1937.
9. Samþ. að hefja undirbúning að vegarlagningu frá Laufásvegi suður að fyrirhuguðu íþróttasvæði og taka í því skyni nauðsynlegar spildur úr erfðafestuleigu.

Fleira gerðist ekki.
Fundu slitið.

Pétur Halldórsson
Jakob Möller Guðm. Ásbjörnsson
Bjarni Benediktsson Guðm Eiríksson
Jón Axel Pétursson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 18. febrúar kl. 11 f.h. voru opnuð tilboð í gaskol, skv. auglýsingu gasstöðvarstjórans.

Pessi tilboð bárust:

1.	Kol og Salt	Wearmouth gaskol	36/6	sh. pr. tonn. cif. Rvk.
2.	Faaberg & Jakobsson	Thornley og Easington gaskol	34/6	“ “ “ “
3.	Ólafur Gíslason & Co hf.	Easington og Londonderry	35/3	“ “ “ “
4.	Umboðs & Raftækjaverzl. Íslands	Easington og Thornley	32/11	“ “ “ “
5.	Sturlaugur Jónsson & Co.	Silksworth/Londonderry	32/ 1 1/2	“ “ “ “

(£ 1-12-1 1/2)

Ákveðið að taka tilboði Sturlaugs Jónssonar og honum tilkynnt það.

Tómas Gíslason

Þor. Sigurðsson Stefán Jóh. Stefánsson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 18. febrúar kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Forkaupsrjettur boðinn að erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XVII fyrir kr. 4000.- Hafnað.
2. Samþ. að taka boði Ólafs Þórðarsonar Fjólugötu 11 í brjefi dags. 17.þ.m. um að setja fólksvog í anddyri Sundhallarinnar, þar sem baðgestir geti vegið sig ókeypis.
3. Sigurlaug Rögnvaldsdóttir óskar eftir meðmælum bæjarstjórnar til þess að fá veitingaleyfi.
4. Lögð fram skýrsla Bæjarbókasafnsins um reksturinn árið 1937.
5. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 17. þ.m.
6. Erindi h.f. Litir + Lökk um að fá leigða 25 metra breiða spildu til viðbótar við leigulóð fjelagsins í Rauðarárholti. Falið bæjarverkfræðingi til afgreiðslu.
7. Lögð fram skýrsla um rekstur Sundhallarinnar í janúarmánuði.
8. Guðm. Jónsson, Agnar Breiðfjörð og Stefán Runólfsson gefa bæjarstjóra kost á að taka þátt í framleiðslu rafbylgjuofna. Ákveðið að fá umsögn rafmagnsstjóra um málið.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson

Jakob Moller Jón Axel Pétursson

Bjarni Benediktsson Guðm. Eiríksson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 25 febrúar kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Erindi stundakennara við barnaskólann um hækkað tímakaup vísað til bæjarstjórnar til afgreiðslu.
2. Forkaupsrjettur boðinn að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti LIV fyrir 651 kr. Hafnað.
3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXXV fyrir kr. 16.214,43. Hafnað.
4. Samþ. að taka úr erfðafestuleigu erfðafestulandið Melblett XI.
5. Lagt fram brjef frá S. Í. S. dags. 22. þ.m. viðvíkjandi greiðslu fyrir vatnsæð í Sölvhólgötu. Bæjarráð getur ekki viðurkennt að tímabært sje fyrir S.Í.S. að krefjast greiðslu fyrir vatnsæðina skv. brjefi borgarsjóra 1. júlí 1919. Að öðru leyti var borgarstjóra falið að svara brjefinu.
6. Póst- og símamálastjóri sendir bæjarstjórn til umsagnar erindi h.f. Strætisvagnar Reykjavíkur um að endurnýjað verði sjerleyfi fjelagsins til fólksflutninga í bænum og nágrenni. Vísað til bæjarverkfærðings til athugunar og verði sjerstakl. gengið úr skugga um að fjelaginu verði mögulegt að fullnægja skyldum þeim sem sjerleyfið leggur því á herðar.
7. Bæjarráð gerir svohlj. tillögu:
„Bæjarstjórn heimilar borgastjóra að taka erfðafestulönd dánarbús frú Sigríðar Þorlákssdóttur Rauðará, úr erfðafestu ef samkomulag fæst um greiðslu-skilmála.

Kaupverð landanna verði:

Matsverð samkv. yfirmati á endurkaupsverði Norðurmýrarblettis I dags. 26. nóv. 1936, kr. 6562,50 pr. ha. verði greitt fyrir þau útvísuðu lönd, sem ekki eru látin á erfðafestu með ákveðnu endurkaupsverði, en þau eru þessi:

Rauðarártún I ásamt Viðauka	5.33 ha.
Grafarblettur vestri	1.42 “”
“ “ “ eystri	2.08 “”
Samtún	1.23 “”
	10.06 ha.

Fyrir viðauka við Samtún, 0.22ha., og Kirkjumýrarblett V, 1.35 ha., greiðast 3000kr. pr. ha. Fyrir Lækjarbakka, að stærð 3.03 ha., greiðist ekki endurkaupsverð. Fyrir girðingar og önnur mannvirki á þessum löndum greiðir bæjarsjóður kr. 1800.- Með Rauðarárhúsunum verði úthlutað 3180 ferm. leigulóð með sjerst. bæjarskilmálum.”

8. Svohlj. tillaga gerð til bæjarstjórnar:

„Bæjarstjórn heimilar borgastjóra að taka erfðafestulönd Péturs Hjaltested, Sunnuhvoli úr erfðafestuleigu ef samkomulag fæst um greiðsluskil-mála, þannig að bæjarsjóður taki að sjer áhvílandi veðskuldir. Endurkaupsverð landanna verði ákveðið þannig:

Matsverð skv. yfirmati á endurkaupsverði Norðurmýrarbletts I dags. 26. nóv. 1936 kr. 6.562,50 pr. ha. verði greitt fyrir þau útvísuðu lönd, sem ekki eru látin á erfðafestu með ákveðnu endurkaupsverði, en þau lönd eru:

Norðurmýrarblettur	VI	2.94	ha.
“ “ “ “	X	2.03	ha.
“ “ “ “	XXI	2.23	ha.
“ “ “ “	XXII	1.30	ha.
		<hr/>	
		8.50	ha.

Fyrir viðauka við þessi lönd, alls 1.18 ha. greiðast kr. 3000- pr. ha. og sama verð skv. erfðafestubrjefum fyrir löndin:

Norðurmýrarblettur	XXV	2.05	ha.
“ “ “ “	XXVI	1.18	ha.
“ “ “ “	XXVII	0.46	ha.
“ “ “ “	XXX	8.24	ha.
		<hr/>	
		11.93	ha.

-en fyrir það sem þegar hefir verið tekið af síðastnefndu landi greiðir bæjarsjóður ekki endurgjald.

Jafnframt fái erfðafestuhafinn ca. 600 ferm. til viðbótar við eignarlóð sína hjá Sunnuhvoli eftir útvísun bæjarverkfræðings.”

9. Margir lögregluþjónar kvarta yfir því að einkennisbúningar sem þeir fengu síðastl. ár hafi verið ónothæfir. Falið borgarstjóra til athugunar.

10. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 24. þ.m.
11. Ásgeir Þorláksson Grett. 45 æskir liðsinnis bæjarstjórnar til þess að fá leyfi til atvinnureksturs framvegis.
12. Kristín Jónsdóttir Dahlstedt, æskir bæjarstjórnarmeðmæla til þess að fá aftur veitingaleyfi. Bæjarráð mælir með beiðninni.
13. Lagt fram erindi Karla-kórs Reykjavíkur um allt að 5000 kr. styrk úr bæjarsjóði til þess að standast halla af söngför kórsins til útlanda síðastl. haust. Bæjarráðið mælir ekki með erindinu.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson

Jakob Möller Jón Axel Pétursson

Bjarni Benediktsson Guðm. Eiríksson.

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 4. mars kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá Rafvirkjafjelagi Reykjavíkur dags. 2. mars viðvíkjandi skipun vjalgæslumanns við Sogið, svo og umsögn Iðnráðsins í Reykavík um málið. Erindinu vísað til umsagnar rafmagnstjóra.
2. Lögð fram skýrsla rafmagnstjóra um reikninga „uppgjör“ við A.S. Højgaard & Schultz vegna byggingu Sogsstöðvarinnar.
3. Rafmagnsstjóri gaf bæjarráði munnl. skýrslu um bilanir sem orðið hafa á Sogslínunni. Að lokinni nákvæmri rannsókn sem nú er unnið að kvaðst rafmagnsstjóri mundi gefa nákvæma skýrslu um málið.
4. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti XXXXVII fyrir 2000 krónur. Hafnað.
5. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að refagirðing sem er á Hjallalandsbletti megi standa á landinu.
6. Íþróttasamband Íslands sækir um 4000 kr. styrk úr bæjarsjóði til þess að senda fimleikaflokka á fimleikamót í Oslo í maí næstk. sbr. boði frá Oslo Turnforening.
7. Lagt fram brjef frá Ólafi Pálssyni sundkennara viðvíkjandi launakjörum hans. Vísað til borgastjóra til afgreiðslu.
8. Lagt fram brjef frá mæðrafjelaginu dags. 21. f.m. um ráðstafanir til mjólkurgjafa til fátækra barnaheimila í Reykjavík. Samþ. að vísa erindinu ásamt greinargerð til ríkisstjórnarinnar.
9. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 3. þ.m.
10. Lögð fram og rædd tillaga Jóns A. Pjeturssonar frá bæjarstjórnarfundum 3. þ.m. um afskifti bæjarráðs af yfirstandandi kaupdeilu á milli sjómanna og togaraútgærðarmanna. Bogarritara falið að afla upplýsinga um og fylgjast með hvernig deilan stendur.
11. Þorl. Helga Eyjólfssyni Eiríksg. 31 gefinn kostur á tveim syðstu lóðunum við Rauðarárstíg við fyrirhugað torg.

12. Beiðni Jóns Bergm. Gíslasonar um lóð við Rauðarárstíg vísað til bæjarverfræðings til athugunar.
13. Lögð fram matsgerð dómkvaddra matsmanna um verð á húseiginni Bræðraborgarstíg 11 sem ákveðið er að taka undir Bárugötu. Borgarstjóra falið að semja um greiðslu við húseigandann.
14. Bæjarráð mælir með því að h.f. Strætisvagnar Reykjavíkur fái sjerleyfi til fólksflutinga með strætisvögnum innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og í nágrenni um næsta sjerleyfistímabil, enda verði ferðaáætlun fjelagsins borin undir samþykki bæjarráðs.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson

Jakob Möller Guðmundur Eiríksson

Jón Axel Pétursson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 11. mars kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugarásbletti XIX fyrir 1200 krónur. Hafnað.
2. Synjað erindi um að skifta erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XIV í tvö erfðafestulönd.
3. Samþ. að selja Sigurði Jónassyni Aust. 4. lóðina nr. 13 við Hólavallagötu.
4. Synjað erindi Jóns Þorleifssonar um að fá erfðafesturjett á leigulandi í Breiðholtslandi.
5. Samþ. að leigja h.f. Veiðafæragerð Íslands lóð til verksmiðjurekstur norðan við lóð h.f. Litir og Lökk, eftir útvísun bæjarverkfræðings.
6. Eftir tillögu lögreglustjóra var samþ. að segja upp öllum bifreiðastæðum á Lækjartorgi, í Lækjargötu, Kolasundi, Veltusundi og Hafnarstræti frá 1. maí næstk., öðrum en stæðum fyrir áætlunarbíla Hafnarfjarðar suður hjá Iðnskóla.
7. Brjef lögreglustjóra um stæði fyrir lögreglubifreiðarnar vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
8. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra um erindi Sig. Sigurðssonar berklayfirlæknis dags. 8. f.m. viðvíkjandi upphitun Vífilstaðahælis með rafmagni. Ákveðið að senda berklayfirlækninum umsögnina.
9. Lögð fram bráðabirgðaskýrsla rafmagnsstjóra um bilanir sem orðið hafa á Sogslínunni nú í vetur.
10. Erindi Þóris Baldvinssonar viðv. endurgreiðslu vatnsskatts 1937 af húsi á erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XXVIII vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
11. Bæjarráð sinnir ekki beiðni Kristjóns Ólafssonar um að brunamálastjóri taki í tryggingu húseign sem hefir verið bygð í óleyfi.
12. Slysavarnafjelag Íslands sendir reglugerð fyrir umferðaráð sem fjelagið hefir stofnað.

13. Útsvarsmál: Hallgr. Jónsson db. Laugarnesveg 79, Þórður Sveinsson & Co., Sigurður Jónsson db. Lind. 17, Ásgrímur S. Ásgrímsson Skeggja. 3, Helgi Guðvarðsson Hað. 4, Árni Jónsson Nýl. 21, Tómas Guðjónsson Skólav. 21a, Baldvin Jónsson Þórsg. 17, Baldvin Sigurðsson Þórsg. 17, Kristmundur Jónsson Gretti.46, Max Pesche Þórsg. 17, Indriði Halldórsson Laug. 76, Sveinn Guðmundsson Reykarv. 31, Bolli Gunnarsson Bergst. 72, Helgi Jörgensson Nýl 29, Magnús Jónsson Hallv. 6, Daníel V. Fjeldsted Hvg. 46, Sigbjörn Ármann Njálsg. 96.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðmundur Ásbjörnsson

Guðm. Eiríksson Bjarni Benediktsson

Jón Axel Pétursson

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson

Jakob Møller Guðm. Eiríksson

Bjarni Benediktsson Guðm. Eiríksson

Jón Axel Pétursson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 18. mars kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsb. XXXIV fyrir kr. 670. - Hafnað.
2. Lagt fram yfirlit um stofnkostnað brunasímans árið 1937. Sá kostnaður varð kr. 38.812,00
3. Synjað erindi Egils Einarssonar og Egils Hallgrímssonar um lán til kaupa á trillubát.
4. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 17. þ.m.
5. Lögð fram skýrsla um starf Vinnumiðlunarskrifstofunnar í janúar með reikningi.
6. Lögð fram skýrsla um störf Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar í janúar febrúar 1938.
7. Borgarstjóra heimilað að kaupa lóðarspildur við Ránargötu (ca. 200 ferm) undir húsið nr. 3 við Framnesveg. Andvirðið greiðist úr Skipulagssjóði.
8. Samþ. að innheimta skuld Grafningshrepps við bæjarsjóð með málssókn.
9. Ákveðið að fá umsögn rafmagnsstjóra um tillögu Jónasar Jónssonar frá bæjarstjórnarfundi 17. þ.m. um verð á rafmagni til ísframleiðslu í sænska frystihúsinu.
10. Ákveðið að óska eftir umsögn hafnarstjórnar um tillögu Jónasar Jónssonar frá bæjarstjórnarfundi um að bæjarsjóður komi upp nýttísku söluhúsi vegna fisk-sölnunnar í bænum.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
Jakob Möller Guðm. Eiríksson
Bjarni Benediktsson Guðm. Eiríksson
Jón Axel Pétursson

B Æ J A R R Á Þ .

Ár 1938, föstudaginn 25. mars kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XLII fyrir kr. 500.
- Hafnað.
2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XLIII fyrir kr. 3300.
- Hafnað
3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XIV fyrir kr. 26500.- Hafnað.
4. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXV fyrir kr. 6000.- Hafnað.
5. Erindi Sláturfjelags Suðurlands um að fá keypta lóðina á horni Skúlagötu og Frakkastígs með húsum vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
6. Farmanna- og fiskimannasamband Ísland fer fram á að bæjarstjórn leggi fram kr. 50.000, - til byggingar sjómannaskóla í Reykjavík.
7. Lögð fram matsgjörð dags. 23. þ.m. um bætur fyrir lóðina nr. 1 við Fossvogsgötu skv. dómi hæstarjettar 25. okt. 1937. Samþ. að una matinu.
8. Húseigendur og leigjendur við Ljósvalla- Ásvalla- og Brávallagötur fara fram á að óbyggt svæði á milli þessara gatna verði gert að barnaleikvelli.
9. Synjað erindi um að breyta í byggingarlóðir því sem eftir er af erfðafestulandinu Melbletti IV.
10. Húseigendur við Háaleitisveg fara fram á að vatnsæð verði lögð í veginn nú með vorinu. Falið bæjarverkfr. til athugunar.
11. Strætisvagnar Reykjavíkur h.f. vekur athygli á nauðsyn þess að settar verði upp rafmagnsklukkur á nokkrum stöðum í bænum. Ákveðið að fá umsögn rafmagnsstjóra.
12. Skólastjóri Miðbæjarskólans- og skólalæknir leggja til að helmingur ljósatækja þeirra sem komið var fyrir í Austurbæjaskólanum verði flutt í Miðbæjarskólann.

13. Samþ. að heimila borgarstjóra að taka úr erfðafestuleigu Einhóltsblett, svo og Sandgerðisbl. nyrðri með Viðauka.
14. Erindi Verkfræðingafjelags Íslands um launakjör aðstoðarverkfræðinga í þjónustu bæjarins vísað til launamálanefndar bæjarstjórnarinnar.
15. Samþ. að innheimta leiguskuld Lárusar Björnssonar leigjanda Briemsfjóss og Vatnsmýrarbl. með málssókn.
16. Lögð fram skýrsla vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 24. þ.m.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson

Jakob Möller Guðm. Eiríksson

Bjarni Benediktsson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 1. apríl kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Petta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Bústaðabletti XVIII fyrir kr. 18.000. - Hafnað.
2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulöndunum Sogamýri 14 með Melavöllum, Sogamýrarbletti XXV, Sogamýrarbletti LVII og Fossvogsbletti X fyrir alls kr. 43.000. - Hafnað.
3. Umsókn um leigu á Kaupmannstúni með viðaukum vísað til bærjarverkfræðings til athugunar.
4. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra með afriti af brjefi frá rafmagnseftirliti ríkisins og brjef berklayfirlæknis viðvíkjandi upphitun Vífilstaðahælis með rafmagni. Samþ. að fela Jokobi Möller að hafa með höndum af hálfu bæjarráðs frekari samninga-umleitanir um mál þetta við þing og stjórn.
5. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra dags. 30. mars með endurskoðuðu frv. til reglugerðar fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur svo og athugasemdir og tillögur J. Nissens verkfr. um þetta efni.
6. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra dags. 30. mars með frv. að reglugerð fyrir Sogsvirkjunina.
7. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra dags. 30. mars með tillögum um gjaldskrá Sogsvirkjunarinnar og umsögn J. Nissens verkfr. um það mál.
8. Lögð fram skýrsla vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 31. f.m.
9. Lögð fram skýrsla um rekstur Sundhallarinnar í febrúar.
10. Samþ. að ráða Matthías Ásgeirsson til þess að fyrst um sinn að vera garðyrkju-ráðunautur bæjarins.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
Jakob Möller Stefán Jóh. Stefánsson
Bjarni Benediktsson Guðm. Eiríksson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 8. apríl kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Petta gerðist:

1. Synjað að svo stöddu beiðni frá Sveini Sveinssyni, Ránargötu 6, um 2 ha. landspildu til byggingar gróðurhúss sunnan við tjörnina.
2. Lögð fram umsókn frá Gísla Guðmundssyni, Eskihlíð B. um leyfi til að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Kringlumýrabletti XIV. - Frestað þar til uppdráttur liggur fyrir.
3. Synjað beiðni frá Sólveigu Jónsdóttur, Kirkjubóli, um að breyta hluta úr erfðafestulandinu Lækjarbakkablettur vestari í byggingarlóð.
4. Samþ. að leigja Gunnari Daníelssyni, Kirkjubóli, Kaupmannstún, ásamt meðfylgjandi beitolandi.
5. Lagt fram bréf frá E. Rokstad, þar sem hann óskar eftir að fá leyfi til að reisa viðbót við mölunarverksmiðju á Laugamýrabletti VIII. - Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
6. Lagt fram bréf frá dómsmálaráðuneytinu, dags. 5. apríl, þar sem þess er óskað, að bæjarstjórn geri tillögur um 4 menn til viðbótar í sjó-og verzlunardóm Reykjavíkur.
7. Samþ. að gefa þessum mönnum kost á eftirtöldum leigulóðum, enda sýni þeir fram á það í innan eins mánaðar, að þeir vilji byggja á lóðunum:

Diðrik Helgason,	Hring. 165,	Víðimel	46-48
Einar Sveinsson,	Sólv. 36,	“ “	58
Guðjón Sæmundsson,	Tjarn. 10c,	Reynimel	46-48
Magnús Davíðsson,	Hverfisg. 72	“ “	42-44
Vilborg Runólfsdóttir,	Vest. 18	Víðimel	30-32
Gunnl. Ólafsson,	c/o Goðafoss	“ “	60
Vilborg Karlsdóttir o.fl.	Oð. 18B	“ “	33-35
Magnús Andrésson o.fl.	Háv. 13	Reynimel	33-35
Guðm. Jónason & Magnús Jónasson		“ “	50-52
Jakob Guðjónsen o.fl.		“ “	29-31 og 37-51
Björn Jónsson o.fl. c/o V.B.K		“ “	53-55

Olafur Thedórs.,	Hring. 163	“ “	54-56
Kristinn Guðjónsson o.fl.	Lauf. 26	Víðimel	55
Indriði Nielsson,	Leif. 19,	Reynimel	58
Magnús Oddson,	Garð. 8,	Gunnarsbraut	38
Jódís Erlingsdóttir,	Frakk. 17,	Skeggjagata	17
Pétur Ketilsson,	Baugsv. 7,	Mánag.	18-20
Svavar Benediktsson o.fl.	Skól. 33	Skeggjagata	19
Jóhannes Gíslason,	Bjarkarst. 12,	“ “	21
Ragnar Finnsson,	Mjöl. 46,	“ “	23
Ari K. Eyjólfsson,	Hring. 63	“ “	16
Oddur Sigurðsson,	Laug. 30 A	Hrefnveg.	1
Ellert Magnússon,	Skeggjag. 13,	Skeggjag.	12
Guðmundur H. Þorláksson,	Tún. 18,	Mánag.	26
Stefán G. Björnsson o.fl.	Leif. 11,	Hrefnuveg	10
Einar Einarsson,	Mánag. 25	Skeggjag.	25
Hallgrímur Hallgrímsson,	Smár. 14,	Hrefnug.	9
Björn Rögnvaldsson,	Mánag. 2,	Flókag.	11
Oskar Gíslason,	Skeggjag. 5,	Auðarstr.	5
Olafur Elíasson,	Hverf. 65 A,	Skarphéðinsg.	20
Þorkell Ingibergsson,	Egilsg. 14,	“ “	10
Ingibergur Þorleiksson,	Bjark. 10,	Flókag.	9
Haraldur Ólafsson,	c/o Fálkinn,	“ “	12

8. Synjað beiðni frá búendunum við Háaleitisveg um að vatnsæð verði lögð í götuna.
9. Lagt fram boð frá bæjarstjórninni í Stockholm um að senda fulltrúa til hátíðahalda þar þann 3. maí n.k. - Samþ. að taka boðinu og biðja forseta bæjarstjórnar, Guðmund Ásbjörnsson, að mæta þar fyrir hönd bæjarins.
10. Lagðar fram tillögur Ársæls Sigurðssonar og Björns Bjarnasonar, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær.
11. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
Jakob Möller Stefán Jóh. Stefánsson
Bjarni Benediktsson Guðm. Eiríksson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 22. apríl kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Petta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti XXXV fyrir kr. 500. - Hafnað.
2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXXI fyrir kr. 8500.- Hafnað.
3. Samþ. að leigja Jóni Þorleifssyni, Beiðholti, 4.84 ha. spildu í Breiðholtslandi nú á yfirstandandi ári með sömu skilmálum og Jón Ingimarsson hafði spilduna leigða, skv. leigusamningi dags. 1. febr. 1933.
4. Magnús Þórarinnsson Bakk. 1. æskir þess f.h. væntanlegs hlutafjelags að mega starfrækja fiskimjölsværksmiðju í fiskhúsi, sem stendur á erfðafestulandinu Sveinsstaðablett í Kaplaskjólí. Bæjarráð samþykkir beiðnina fyrir sitt leyti.
5. Borgarstjóra heimilað að leigja Tryggva Salómonssyni, Sunnuhvolstúnin, þegar er bæjarsjóður hefir öðlast eignarrjett á þeim, fyrir 135 kr. pr. ha. ársleigu.
6. Bæjarráð samþykkir að heimila Flugfjlagi Akureyrar h.f. afnot lóðar við Skerjaförð, austan Shellvíkur, til þess að reisa það flugskýli, skv. teikningum, sem þegar hafa verið lagðar fyrir bygginganefnd. Leyfið er veitt til óákveðins tíma og með því er ekki veittur ádráttur um leyfi til að stækka skýlið síðar, eða reisa fleiri skýli á þessum stöðum.
7. Júlíus M. Magnússon býður húseignina Reykjavíkurveg 7 til sölu fyrir 30-35 þús. krónur. Ekki sinnt.
8. Samþ. að leyfa Emil Rokstad, Bjarmalandi, að stækka beinamjölsværksmiðju á Laugarnesbletti endi verði byggingin tekin burtu bæjarsjóð að kostnaðarlausu hvernær sem krafist verður. Svo greiði erfðafestuhafinn og kr. 100.- árlegt aukagjald í bæjarsjóð fyrir að hafa værksmiðjuna á landinu. Gjaldið greiðist frá og með árinu 1937, sbr. fundagerð bæjarráðs 20. nóvbr. 1936, 5. lið.
9. Samþ. þessi úthlutun á erfðafestulöndum í Krossamýri:

Bjarni Sæmundsson	Lauf. 17	fær	Krossamýri	IV
Pétur Magnússon	Háaleituv. 23	“	“ “	VII

Gísli Þorsteinsson	Rán. 29	“ “ “	XIII
Katrín Hallgrímsdóttir	Lav. 41	“ “ “	XI
Matthías Eyjólfsson	Hörp. 11	“ “ “	XIV
Hjörtur Kjartansson	Bræðr. 22	“ “ “	XII
Hallgrímur Jónsson	Steinholti	“ “ “	V
Kristjón Ólafsson	Laugav. 101	“ “ “	VI
Aðalsteinn Guðmundsson	Smiðj. 10	“ “ “	XV
Asgeir Valur Gíslason	Njálsg. 69	“ “ “	X
Þorgils Guðmundsson + Steingr. Welding.		fá Krossamýri	VIII
Jóhann Ólafsson	lögrþj.	fær “ “	IX

10. Samþ. að gefa kost á eftirgreindum leigulóðum með sömu skilmálum og getur í fundargerð bæjarráðs 8. apríl, 7 lið:

Reynimelur	38:	Brynjólfur Magnússon	Auðarst. 3
v	40:	v	v
Flókagata	17 16:	Haraldur Guðmundsson	Auðarst. 17
v	18:	Ólafur Magnússon	Túng. 34
Hrefnugata	4:	Guðm. Helgason	Begþ. 35
v	2:	Sveinn Valfells og Þórarinn Benedikz	
Auðarstræti	7:	Torfi Guðbjörnsson	Lvf. 98
Hringbraut	67:	Steingr. Jónatansson	v
Skeggjagata	14:	Jón Oddgeir Jónsson	

11. Borgarstjóri skýrði frá því að hann hefir í utanför sinni gert ráðstafanir til þess að verkfr. Tom Nordensson Stockholm kæmi hingað til þess að athuga áætlanir um hitaveitu bæjarins frá Reykjum og sje hans von með e.s. Lyra í byrjun næsta mánaðar.
12. Samþ. að leigja hestamannafjelaginu Fákur sömu beitarlönd í Geldinganesi og Breiðholti sem fjelagið hefir haft undanfarin ár fyrir 500 kr. ársleigu.
13. Samþ. að mæla með 300 kr. styrkveitingu úr bæjarsjóði til Búnaðarsambands Kjalarnesþings á sama hátt og undanfarin ár.
14. Marteinn Magnússon sækir um utanfararstyrk kennara nú í ár. Borgarstjóri skýrði frá því að styrki þessum væri þegar ráðstafað árið 1938.
15. Bæjarráð lítur svo á að bæjarsjóður geti ekki gert tilkall til lóða í Skildinganeslandi, sem skv. gömlum skipulagsupprætti jarðareiganda eru ætlaðar undir

götur, en ekki er ráðgert að fari undir götu eftir því skipulagi sem bæjarstjórnin hefir ráðgert á þessum slóðum.

16. Lagt fram erindi Lárusar Björnssonar dags. 22 mars um endurgjöld eftir Vatns-
mýrarbletti, sem hann hefir nytjað undanfarin ár, með álitserð tveggja manna
sem hann hefir fengið til þess að gera áætlunum um hæfilega leigu.
17. Samþ. að selja Ingimundi Ólafssyni húseignina Hávallagötu 55 fyrir kr. 12000.-
og borgarstjóra falið að ganga frá samningum.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson

Stefán Jóh. Stefánsson Guðm. Eiríksson

Bjarni Benediktsson Jón Björnsson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 29. apríl kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Eftir beiðni Stangaveiðifjelagsins var rafmagnsstjóra falið að gera fr. að leigusamningi við fiskifjlagið um stangaveiði í Elliðaánum nú í sumar, á svipuðum grundvelli sem verið hefir undanfarin ár.
2. Rafmagnsstjóri skýrir frá því, með brjefi dags. 28.p.m. að lampafirmað Osram A.S. í Kaupmannahöfn hafi boðið sjer, er hann heimsótti firmað í febr. síðastl., að senda hingað verkfræðing er hjeldi fyrirlestra um hverskonar ljósanotkun, Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu að öðru leyti en því að hún gæfi út bækling um raflýsingu og sæi um fyrirlestrana. Falið rafmagnsstjóra til afgreiðslu.
3. Lagt fram brjef frá fjelagi ísl. iðnrekenda dags. 12. apríl 1938 til rafmagnsstjóra, þar sem farið er fram á að rafmagnsverð til iðnaðar verði lækkað enn, ásamt umsögn rafmagnsstjóra til frekari athugunar.
4. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra dags. 28 apríl með framhaldsgreinargerð um gjaldskrá Sogsvirkjunarinnar.
5. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra dags. 16. apríl viðvíkjandi áætlun um rekstur Sogsvirkjunarinnar.
6. Lögð fram umsókn Þorláks Kolbeinssonar Þingh. 26 um 3-4 ha. landspildu til erfðafestu úr Úlfliótsvatnslandi. Bæjarráð vill ekki verða við umsóknini að svo stöddu.
7. Lagt fram brjef Sambands meistara í byggingariðnaði í Reykjavík, þar sem kvartað er yfir afskiftum byggingafulltrúans af deilu sem risin er út af byggingu húss á horni Lokastígs og Baldursgötu. Bæjarráð vísar erindinu til byggingarnefndar.
8. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogabletti 5 með húseign fyrir kr. 15000.- Hafnað.
9. Samþ. að fresta ákvörðun um leyfisbeiðni Aðalst. Guðmundssonar til að byggja íbúðarhús á erfðafestulandinu Krossamýri XV.

10. Guðspeki-centrið á Íslandi sækir um lóð við Skólavörðutorg til þess að reisa þar samkomuhús. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar í sambandi við skipulag á þessum slóðum.
11. Samþ. að gefa kost á þessum lóðum til íbúðarhúsabygginga með skilmálum er getur í fundargerð bæjarráðs 8. apríl, 7. lið:
 Ragnari Lövdahl lóðinni Hrefnugötu 7,
 Konráði Guðjónssyni - Hringbraut 181,
 Guðjóni og Magnúsi Vigfússonum lóðinni Grett. 85,
 Ara K. Eyjólfsyni lóðinni Hrefnugötu 8, en jafnframt afsalar hann sjer lóðinni nr. 16 við Skeggjagötu.
12. Beiðni Hjartar Guðbrandssonar og Árna Guðmundssonar um lóð undir bílskúra á Bráðræðisholti vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu, enda verði skúrarnir teknir af lóðinni bæjarsjóði að kostnaðarlausu er krafist verður.
13. Ólafur Guðmundsson og 79 menn aðrir óska þess að hæfilegt svæði utan Hringbrautar verði tekið og skipulagt með það fyrir augum að þar megi byggja lítil timburhús. Bæjarráð felur bæjarverkfræðingi að gera hið fyrsta tillögur til úrlausnar því máli sem erindið fjallar um.
14. Knattspyrnufjelagið Valur æskir þess að fjelagið fái til umráða svæðin sem auðkennd eru nr. 5 og 6 á uppdrætti af fyrirhuguðu íþróttasvæði við Skerjafjörð. Ákveðið að fá umsögn stjórnar Í.S.Í. um erindið.
15. Íþróttafjela Reykjavíkur sækir um kr. 10.000.- styrk úr bæjarsjóði vegna kaupa á jörðinni Kolviðarhóll og til þess að gera nauðsynlegar umbætur á gistihúsinu.
16. Bæjarráð mælir ekki með beiðni Íþróttasambands Íslands um kr. 4000.- styrk til þess að senda 3 fimleikaflokka á fimleikamót í Osló í næsta mánuði.
17. Helga Níelsdóttir sækir um kr. 10.000.- lán til þess að fullgera nýbyggingu sína Hringbraut 78. Bæjarráð mælir ekki með beiðninni.
18. Nokkrir starfsmenn bæjarins og bæjarstofnana sækja um ábyrgð bæjarsjóðs fyrir láni til byggingar íbúðarhúsa, að allt að 80% af kostnaðarverði húsanna. Áætluð lánsfjárhæð er allt að kr. 275.000.- en umsækjendur 11. Bæjarráð mælir ekki með beiðninni eins og hún liggur fyrir.
19. Beiðni Björns Björnssonar um styrk úr bæjarsjóði til þess að færa húseignina Bergsstaðastræti 35 úr götustæðinu innar á lóðina vísað til bæjarverkfræðing til umsagnar.
20. Húsmæðrafjela Reykjavíkur sendir ályktanir fjelagsfundar 27. þm. um eftirlit með börnum og fisksöluna í bænum.

21. Skólanefnd Skildinganeskólans skorar á bæjarráð að hefjast handa um byggingu barnaskóla fyrir umdæmið.
22. Lögð fram skýrsla um rekstur Sundhallarinnar í marsmánuði.
23. Lögð fram skýrsla vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 28. þ.m.
24. Lögð fram tilkynning frá stjórn verkamannafjelagsins „Dagsbrún“ um tillögu sem var samþykkt á fjelagsfundi 24. þ.m., þar sem skorað er á bæjarráð og bæjarstjórn að auka bæjarvinnu og hafnarvinnu til muna frá því sem nú er.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jón Björnsson Stefán Jóh. Stefánsson

Bjarni Benediktsson Guðm. Eiríksson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 6. maí kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að úthluta leigulóðum sem hjer segir með sömu skilmálum sem ákveðnir voru í fundargerð bæjarráðs 8. apríl, 7. lið:

Flókagötu	13	Bergsveini Guðmundssyni	Rán. 2
“ “	14	Finnboga Sigurðssyni	Framnv. 28
“ “	15	Elíasi Hjörleifssyni	Njg. 94
Hrefnugötu	3	Kristjáni Bjarnasyni	Lgv. 49 B
“ “	5	Jóni G. Nikulássyni	Freyjug. 42
Gunnarsbraut	28	Stefáni Gíslasyni	Leifg. 5
“ “	26	Jóhanni Kristjánssyni	Bráv. 48
2. Samþ. að gefa Brynjólfi Einarssyni Týsg. 1, kost á leigulóðinni Skeggjagötu 8, enda greiði hann fyrri leigjanda, sem nú hefir afsalað sjer tilkalli til lóðarinnar, Birni Björnssyni Lgv. 56, fyrir mannvirki sem eru á lóðinni.
3. Synjað erindi Ólafs R. Björnssonar um að fá leigða lóð á horni Eiríksgötu og Mímisvegar.
4. Synjað beiðni Guðspeki-centsins um lóð við Skólavörðutorg til þess að reisa þar samkomuhús.
5. Samþ. að leyfa Valdimar Norðfjörð að byggja áhaldaskúr á erfðafestulandinu Fossvogsbletti XXXV.
6. Lagt fram brjef lögreglustjóra dags. 3. maí með tilkynningu um að hann hafi keypt 200 stk. af svonefndum götusaum til þess að afmarka gangbrautir á fjölförnustu gatnamótum. Bæjarráð samþ. þessa ráðstöfun fyrir sitt leyti og felur bæjarverkfræðingi frekari aðgerðir af sinni hálfu.
7. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefnda 23. apríl, send með bréfi lögreglustjóra 4. maí.
8. Samþ. að heimila borgarstjóra að leigja Lúther Hróbjartssyni og Guðm. Jónssyni lóðina nr. 16 við Bergþórugötu til þess að reisa á henni íbúðarhús.

9. Lagt fram brjef lögreglustjóra dags. 3. maí viðvirkjandi bifreiðastæðum og bifreiðaumferð í miðbænum með skýrslu yfirlögregluþjóns um tillögur hans og bæjarverkfræðings í því máli. Bæjarráðið er samþykkt tillögunum svo og tillögur lögreglustjóra um að banna stæði í Lækjagötu fyrir framan bifreiðastöðina Heklu. Ennfr. samþ. bæjarráð að banna strætisvögnum stæði og endastöð á Lækjartorgi. Bæjarráð felur bæjarverkfræðinga að annast framkvæmd þessarar ályktana í samráði við lögreglustjóra.
10. Samþ. að heimila borgarstjóra að leysa Guðmund Snorrason frá leigusamningi sínum um Gufunes nú frá fardögum og leigja jörðina Þorgeiri Jónssyni Viðey með sömu skilmálum og Guðmundur hafði hana á leigu.
11. Samþ. að Rafmagnsveitan gerist aðila að stofnun fiskirækarfjelags við Úlfljótsvatn og rafmagnsstjóra falið málið til meðferðar.
12. Júlíus Evert, Skólavst. 3 sæki um leyfi til þess að hafa opna ísbúð í Lækjargötu 8 til kl. 11^{1/2} e. h. alla daga nú í sumar. Bæjarráð vill ekki veita umbeðið leyfi.
13. Lögð fram skýrsla vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 5. þ.m.
14. Lagðar fram tillögur frá bæjarstjórnarfund 5. þ.m. um leigugarða bæjarins. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
15. Lagðar fram tillögur frá bæjarstjórnarfund 5. þ.m um að fjölga nú þegar vinnu hjá bænum og höfninni.
16. Lögð fram tillaga fra bæjarstjórnarfund 5. þ.m. um lánsútleitu til hitaveitu bæjarins.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Eiríksson

Pétur Halldórsson Valtýr Stefánsson

Bjarni Benediktsson Jakob Möller

Stefán Jóh. Stefánsson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 13. maí kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra dags. 10. maí með reikningum yfir stofnkostnað Sogsvirkjunarinnar. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var ákveðið að afhenda Sogsvirkjuninni vatnsrjettindi Úlfjótsvatns í Ljósafossi, tilsvarandi vatnsrjettindum sem hafa verið keypt af eigendum Efri-Brúar og fyrir sama verð sem greitt var fyrir þau rjettindi eftir mati. Þessum vatnsrjettindum fyrir Úlfjótsvatnslandi fylgi og ca. 10 ha. landsvæði, svo sem keypt var með vatnsrjettindum að austanverðu.
2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Vatnsmýrarbl. XVIII með húseigninni Haukaland fyrir kr. 18500.- Hafnað.
3. Samþ. að leyfa Margrjeti Guðmundsdóttur Aðal. 9 að byggja hæsnahús úr timbri á erfðafestulandinu Bústaðabletti IX.
4. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kleppsmýrarbletti VII fyrir kr. 11250.- Hafnað.
5. Synjað erindi Jóns Jónssonar Þingh. 26 um efðafestuland í nágrenni bæjarins.
6. Samþ. að gefa vegagerð ríkissjóðs kost á leigulóð á svonefndri Njarðarstöð í Rauðarártúni til afnota fyrir áhaldageymslu og byggingar Áhaldahúss. Verður síðan tekin ákvörðun um hvort grjót sem nú er á lóðinni skuli fylgja leigulóðinni. Bæjarverkfræðingi falið málið til meðferðar að öðru leyti.
7. Sam. að gefa Agli Vihjálmsyni kost á leigulóð til viðbótar við leigulóð hans á horni Laugavegs- og Rauðarárstígs, enda verði þá gerður nýr leigusamningur með nýju mati á lóðarleigu um alla lóðina. Lóðaraukinn verði 17.66 metr. meðfram Laugavegi.
8. Húseigendur við Bergþórugötu, frá Barónsstíg að Hringbraut, fara fram á að gerð verði gangstjett við götuna og gengið frá henni að öðru leyti. Vísað til bæjarverkfræðings.
9. Synjað beiðni frá Ingþóri Sigurbjörnssyni um að fá á erfðafestu Sogamýrarblett XVIII.

10. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra dags. 12. þ.m. með nokkrum breytingatillögum við frv. til reglugerðar fyrir, Rafmagnsveitu Reykjavíkur.
11. Svifflugsfjelag Íslands sækir um 1000 kr. styrk úr bæjarsjóði til þess að koma upp flugskýli uppi á Sandskeiði. Bæjarráð mælir með beiðninni.
12. Lagðar fram reikningur styrktarsjóðs sjómanna- og verkamannafjelaganna í Reykjavík árið 1937 með skýrslu um starfsemina það ár.
13. Lögð fram skýrsla um starfsemi hjúkrunarfjelagsins „Líkn“ árið 1937.
14. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 12. þ.m.
15. Skósmiðafjelag Reykjavíkur óskar eftir breytingum á samþykkt um lokunartíma skósmiðavinnustofa, sem var gerð á fundi bæjarstjórnar 3. júní 1937. Borgarritara falið málið til fyrirgreiðslu.
16. Bæjarráð sjer ekki fært að veita Guðspeki-centrinu á Íslandi lóð við Skólavörðutorg næst fyrir suðaustan safnahús Einars Jónssonar og synjar því enn beiðni þar um.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson

Bjarni Benediktsson Guðm. Eiríksson

Jakob Möller Stefán Jóh. Stefánsson

Jón Björnsson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 16. maí kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Úrsvarsmál: Björn Jónsson, Gret. 78, Elías Stefánsson, Ásv. 18, Friðrik Björnsson, Ing. 4, Ingimundur Gíslason, Brúnstöðum, Jón I. Guðmundsson, Vest. 22, Eyjólfur Steinsson Tjarn. 10a, Ólafur A. Guðmundsson, Vest. 17, Sigrún Guðbrandsdóttir Egilsg. 32, Ragnar Guðmundsson Lvg. 153, Sigurður Sigurðsson, Sölf. 12, Sigurður Guðjónsson, Brag. 32, Valdimar Konráðsson, Háv. 44, Snorri Jónsson, Bjark. 10, Sig. Þ. Björnsson, Bald. 21, Sigurður Eyleifsson, Sólv. 5a, Fiskiveiðahlutafjel. Njáll, Fiskiveiðafjel. Defensor, Ásgeir Sigurðsson Lvg. 82.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson

Guðm. Eiríksson Jón Björnsson

Jakob Möller Bjarni Benediktsson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 20. maí kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Petta gerðist:

1. Forkaupsrjettur boðinn að erfðafestulandinu Norðurmýrarbletti XIII með Þóroddsstöðum fyrir kr. 24.000.- Hafnað.
2. Samþ. að leyfa Gísla Guðmundssyni Eskihlíð 13 að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XIV enda hlíti hann skilmálum sem settir kunna að verða um byggingar á erfðafestulöndum.
3. Samþ. að leyfa Sveini M. Hjartarsyni að stækka inngönguskúr úr timbri á erfðafestulandinu Laugalandi.
4. Borgarstjóra heimilað að leigja nú í sumar svonefnt Hafnarland við Skerjafjörð til beitar.
5. Strætisvagnar Reykavíkur hf. fara fram á að vagnar fjelagsins megi framvegis hafa endastöð á Lækjartorgi. Bæjarráð vísar til samþykktar sinnar í 9. lið fundargerðar 6. maí.
6. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kaplaskjólbletti fyrir kr. 2600.- Hafnað.
7. Samþ. tillögur bæjarverkfræðings um erfðafestuskilmála í Krossamýri. Ennfr. ákveðið að um byggingar á þessum erfðafestulöndum skuli gilda sömu skilmálar sem gilda um Fossvogsblettina.
8. Samþ. að gefa Stefáni Jakobssyni og Haraldi Björnssyni kost á leigulóðunum nr. 18 og 20 við Mánagötu enda sýni þeir fram á, innan mánaðar, að þeir muni byggja á lóðunum.
9. Samþ. að bjóða til samkeppni um tillögur um útlit og fyrirkomulag vatnsgeyma hitaveitunnar á Öskjuhlíð og verja til verðlauna allt að kr. 3000.- Dómnefnd verði skipuð 2 arkitektum, 2 verkfræðingum og einum myndhöggvara.
10. Samþ að veita byggingarfulltrúa 1500 kr. af utanfararstyrk sem ætlaður er starfsmönnum bæjarins.
11. Fyrirspurn rafmagnseftirlits ríkisins um væntanlegt verð á raforku Sogsvirkjunarinnar til Hafnarfjarðarkaupstaðar vísað til rafmagnsstjóra.

12. Tillögu Stefáns Jóh. Stefánssonar um götu- og húsalýsingu í bænum, sem var vísað til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær, ákveður bæjarráð að vísa til rafmagnsstjórna til meðferðar.
13. Rafmagnsstjóra falið að athuga um möguleika fyrir því að fólk geti fengið keyptar rafsuduplötur með afborgunarskilmálum fyrir milligöngu Rafmagnsveitunnar.
14. Lögð fram tillaga Jóns A. Pjeturssonar frá bæjarstjórnarfundi í gær um skipun nefndar er athugi hvernig draga megi úr atvinnuleysi í bænum.
15. Lögð fram tillaga Bjarna Benediktssonar frá bæjarstjórnarfundi í gær um að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða framfærslulöggjöfina í samvinnu við fulltrúa sveitar- og bæjarfjelaga.
16. Lögð fram tillaga Jónasar Jónssonar frá bæjarstjórnarfundi í gær um sjerstök hlunnindi fyrir sjómenn og konur þeirra í Sundhöllinni og Sundlaugunum.
17. Lagt fram brjef frá hjeraðslækninum viðvíkjandi skrifstofuhaldi hans hjer í bænum svo og brjef landlæknis um sama efni. Málið falið borgaritari til athugunar.
18. Sundráð Reykjavíkur sækir um 1500 kr. styrk úr bæjarsjóð til þess að senda 5-6 manna flokk til sundmóts í London nú í ágústmánuði. Bæjarráð mælir með beiðninni.
19. Í.S.Í. sækir um 1500 kr. styrk til að senda fimleikaflokk kvenna á fimleikamót í Oslo. Samþ. að mæla með beiðninni.
20. Lögð fram skýrsla Jóns Þorsteinssonar um sjúkraleikfimi barna síðastl. vetur.
21. Erindi Sveinbjarnar Kristjánssonar viðv. skolpræsi í Lokastíg vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
22. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 19. þ.m.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
Guðm. Eiríksson. Jakob Möller Stefán Jóh. Stefánssn
Bjarni Benediktsson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 27. maí kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist.

1. Lagt fram brjef frá Einari Guðmundssyni Suðurpól með beiðni um að bæjarsjóður hjálpi honum til þess að reisa íbúðarhús á erfðafestulandinu Kriglumýrarbl. XVII.
2. Lagt fram brjef frá Guðbjarti Torfasyni Berg. 3. með beiðni um vinnu og aðstoð til þess að koma upp búskap á landi í nágrenni bæjarins er honum verði selt á erfðafestu.
3. Samþ. að bjóða Birni Björnssyni Berg. 35, kr. 2000.- til þess að flytja húsið nr. 35 við Bergstaðarstræti innar á lóðina að fyrirhugaðri húsalínu, enda falli þá sá hluti lóðarinnar sem fara á undir götuna endurgjaldslaust til bæjarins.
4. Synjað erindi Sveinbjarnar Kristjánssonar um að nýtt holræsi verði lagt í Lokastíg.
5. Samþ. að úthluta neðanskráðum lóðum til íbúðarhúsabygginga, með sömu skilmál- sem getur í fundargerð bæjarráðs 8. apríl, 7. lið.

Eiríksgötu	39	Einar Sveinsson	húsameistari
“ “	41	Helgi Sigurðsson	verkfr.
Víðimelur	30	Teitur Magnússon	Sólv. 3
“ “	32	“ “	
Karlagata	6	Magnús Jónsson	Njarð. 7 o.fl.
“ “	8	“ “	
Hringbraut	183	Óskar Valdimarsson	Nýl. 6
Gunnarsbraut	36	Magnús Pddsson	Njarð. 8
Hrefnugata	6	Þorleifur Þórðarson	Mán. 3
6. Lögð fram tilboð í slægjur á erfðafestulöndunum Vatnsmýrarbl. V og VIII. Samþ. með 4:1 atkv. að fela borgarrítara og bæajrverkfræðingi málið til afgreiðslu.
7. Rætt um frv. að reglugerðum fyrir Rafmagnsveituna og Sogsvirkjunina og ákveðið að halda aukafund um málin fyrir næsta bæjarstjórnarfund.
8. Lögð fram tilkynnig frá lögreglustjóra um að Þórður S. Ásgeirsson settur lögregluþjónn hafi látið af störfum og leggur lögreglustjóri til að Ólafur Snóksdalín Ólafson verði ráðinn lögregluþjónn í hans stað. Vísað til bæjarstjórnar.

Fleira gerðist ekki.
Fundu slitið.

Guðm. Ásbjörnson
Jakob Möller Stefán Jóh. Stefánsson
Bjarni Benediktsson Guðm. Eiríksson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 31. maí kl. 4^{1/2} e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Lögð fram frv. rafmagnsstjóra til reglugerða fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Sogsvirkjunina. Var farið yfir frumvörpin grein fyrir grein og gerðar á þeim allmargar breytingar, einkum orðalagsbreytingar.

Samþykkt að leggja frumvörpin tvö breytt fyrir næsta fund bæjarstjórnar til fyrri umræðu.

Ákveðið að taka síðar til umræðu frv. rafmagnsstjóra að gjaldskrá fyrir Sogsvirkjunina.

Fundi slitið kl. 11²⁰ eh.

G. Ás.

J.M St. Jóh. Sf.

Bj. Ben. G. Eir.

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 3. júní kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að fela rafmagnsstjóra að ráðstafa jörðinni Úlfjótuvatni næsta fardagaár og láta rannsaka þær ráðstafanir sem ábúandi hefir gert þar.
2. Lagt fram frv. að leigusamningi á milli Rafmagnsveitunnar og eigenda lóðar, sem reistar eru á spennistöðvar.
3. Samþ. að leyfa Sveini Kjartanssyni að byggja svínahús úr timbri á erfðafestu-landinu Laugalandi.
4. Samþ. að gefa Kristjáni Nielsen Bár. 18 og Ágúst Petersen Frakk. 15 kost á leigulóðinni nr. 26 við Mánagötu, en Guðmundur Þorláksson hefir afsalað sjer tilkalli til lóðarinnar.
5. Samþ. að gefa Kristvini Guðmundssyni kost á leiguglóðinni nr. 34 við Gunnarsbraut, Lúðvíki Guðmundssyni Brag. 29 a lóðina nr. 32 við sömu götu og Hjálmari Guðmundssyni, Grett. 68 lóðina nr. 30 við sömu götu. Þá var samþ. að gefa Stefáni Einarssyni Fjöln. 3 kost á lóðinn nr. 62 við Víðimel. Og Sigurði Jónassyni Amt. 4 kost á lóðinni nr. 30 og 32 við Reynimel, allt með þeim skilmálum sem settir voru á bæjarráðsfundi 8. apríl, 7. lið.
6. Samþ. að gera lóðarleigusamning um lóðina nr. 4, við Víðimel við Sigmund Halldórsson Blómv. 11 en Ingólfur Guðmundsson Seljav. 3, afsalar sjer tilkalli til lóðanna.
7. Lagt fram brjef frá Guðm. Gunnlaugssyni Leifg. 16 með matsgerð dómkvaddra manna sem hafa metið verðrymun hússins á Leifsgötu 16 vegna þess hvernig húsið á Leifsgötu 18 hefir verið sett á lóðina. Bæjarráð neitar að greiða nokkrar skaðabætur af þessum sökum.
8. Samþ. að mæla með því til bæjarstjórnar að Axel Magnússyni Bárug. 10 verði veitt meðmæli til þess að fá veitingaleyfi.
9. Aðalsteinn Sigmundsson kennari sækir um 250 kr. styrk úr bæjarsjóði til þess að fara með drengjaflokk nú í sumar námsferð til Færeyja.
10. Lögð fram skýrsla um rekstur Sundahallarinnar í aprílmánuði.

11. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 2. þ.m.

DELIARRÁÐ

Ár 1938, föstudaginn 19. júní kl. 10.00 fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson

1. Forkaupverkið Guðm. Eiríksson Jakob Möller Jón Axel Pétursson kr. 7000.
- Hafnað.

Jón Björnsson

2. Forkaupverjettað boðinn að erfbæfestunum Fossvogabl. XXVIII fyrir kr. 3000.
- Hafnað.

3. Forkaupverjettað boðinn að erfbæfestunum Bústafestunum XX fyrir kr. 3000.
- Hafnað.

4. Þorsteinn Flinnbogason fer fram á að rekunartíma erfbæfestulandsins Fossvogabl. XLII verði lengdur. Falið hefur verið til afbúnaðar.

5. Magnús Jónsson t.f. afsala sjer tilfalli til Jóhanna nr. 6 og 8 við Karlagötu.

6. Svavar Benediktsson segir lausn lóðinni nr. 19. við Skeggjagötu og var samþ. að gefa Guðna Guðmundssyni Bergþ. 6 þ og Viktoríu Hannesdóttur Örett. 36 þ kost á lóðinni.

7. Þorkell Ingibergsson og Ingibergur Þorkelsson segja lausn lóðinni nr. 9 við Flókagötu og var samþykkt að gefa Ángeli Sæðholti Mán 17. og Jóhanni Sigurgeirssyni Njg. 108 kost á lóðinni.

8. Samþ. að gefa Ingólfi Guðmundssyni Salta. 34 kost á lóðinni nr. 37 við Víðmal með skilnaðum sem voru settir á hefuráhrifum 4. apríl.

9. Synjað erindi Eilíf Helgadóttur um lóð við Kleppaveg, undir Gamlaálandi.

10. Samþ. að sýna matagerð lífeyrisskattinn á milli lóðar sem er á lóðinni Skóla Thorsenssonar við fyrstu hlið Skólalagötu.

11. Lagt fram bréf frá Byggingaáhrifum um lóðir með tilkynningu um sýkingu sem var samþykkt í aðalfundi (júlí 21) 7 m. viðskjandi lóðir lóðinn við lóðir félagsins.

12. Lagt fram bréf frá sýkingu lóðir viðskjandi gerð sýkingu í lóðir lóðinn við Skarphöfð.

13. Synjað erindi Berge Arngrímssonar og Magnúsar Bjarnssonar um sýkingu á lóðir fyrir lóðir lóðinn við Ameríkalagötu.

B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1938, föstudaginn 10. júní kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Forkaupsrjettur boðinn að erfðafestulandinu Fossvogsbl. VI fyrir kr. 7000.
- Hafnað.
2. Forkaupsrjettur boðinn að erfðafestulandinu Fossvogsbl. XXVIII fyrir kr. 3000.
- Hafnað.
3. Forkaupsrjettur boðinn að erfðafestulandinu Bústaðabletti XX fyrir kr. 5000.
-Hafnað.
4. Þorsteinn Finnbogason fer fram á að ræktunartíma erfðafestulandsins Fossvogsbl. XLII verði lengdur. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.
5. Magnús Jónsson o.fl. afsala sjer tilkalli til lóðanna nr. 6 og 8 við Karlagötu.
6. Svavar Benediktsson segir lausri lóðinni nr. 19. við Skeggjagötu og var samþ. að gefa Guðna Guðmundssyni Bergþ. 6 b og Viktoríu Hannesdóttur Grett. 36 b kost á lóðinni.
7. Þorkell Ingibergsson og Ingibergur Þorkelsson segja lausri lóðinni nr. 9 við Flókagötu og var samþykkt að gefa Ásgeiri Sandholt Mán 17. og Jóhanni Sigurgeirssyni Njg. 108 kost á lóðinni.
8. Samþ. að gefa Ingólfi Guðmundssyni Seljav. 3a kost á leigulóðinni nr. 57 við Víðimel með skilmálum sem voru settir á bæjarráðsfundi 8. apríl.
9. Synjað erindi Halls Helgasonar um lóð við Kleppsveg, undir sumarbústað.
10. Samþ. að áfrýja matsgerð lóðarmatsnefndar á mati lóðar sem ætlað er að leigja Skúla Thorarensen við fyrirhugaða Skúlagötu.
11. Lagt fram brjef frá Byggingafjelagi Alpýðu með tilkynningu um ályktun sem var samþykkt á aðalfundi fjelagsins 23. f.m. viðvíkjandi leikvöllinn við hús fjelagsins.
12. Lagt fram brjef frá stjórn Í.S.Í viðvíkjandi gerð íþróttavalla í íþróttasvæðinu við Skerjafjörð.
13. Synjað erindi Bergs Arnbjarnasonar og Magnúsar Bjarnasonar um eftirgjöf á leigu fyrir lóðarspildu við Arnarhólstún.

14. Samþ. að taka úr erfðafestuleigu erfðafestulandið Norðurmýrarbl. IX og borgarstjóra heimilað að greiða endurkaupsverðið eftir mati.
15. Lagðar fram breytingatillögur við frv. til reglugerðar fyrir Rafmagnsveituna og Sogsvirkjunina, frá bæjarfulltrúum Kommúnistaflokksins.
16. Lagt fram brjef frá eigendum bílstöðva við Lækjatorg þar sem farið er fram á að frestað verði um sinn framkvæmd ákvörðunar bæjarstjórnar um að banna bíla-
stæði á Lækjartorgi. Bæjarráð vill veita hæfilegan frest til þess að bifreiða-
stöðvarnar komi sjer fyrir á öðrum hæfilegum stöðum í bænum, enda sýni þær
fram á, fyrir 1. júlí næstk., að þær hafi tryggt sjer stæði fyrir bifreiðastæði.
17. Samþ. að áfrýja til hæstarjettar dómi bæjarþingsins 11. apríl síðast. í máli
Guðjóns Samúelssonar gegn bæjarsjóði.
18. Synjað beiðni frá Steinunni Bjartmarsdóttur, Freyjugötu 35, um styrk til utan-
farar.
19. Lögð fram beiðni frá Guðspeki-centrinu á Íslandi um lóð undir samkomuhús við
Skólavörðutorgið. - Bæjarráðið sér ekki ástæðu til að breyta fyrri ákvörðun sinni í
málinu.
20. Lagt fram bréf frá framkvæmdarstjóra Sundhallarinnar um ráðstöfun á lausum
stöðum í Sundhöllinni.
21. Samþ. að krefjast þess, að samningur um að ekki skuli notuð kol við kyndingu á
Mjólkurstöðinni verði haldinn og kolakyndingu verði hætt þar tafarlaust.
22. Lagt fram bréf frá Raftækjaeinkasölu ríkisins um sölu á rafsuðuvélum og öðrum
rafmagnstækjum.
23. Lagt fram bréf frá bankastjóra Búnaðarbankans þar sem hann býður ýmsar jarðir
til kaups.
24. Samþ. að mæla með umsókn um eftirtaldrá ekkna um styrk úr styktarsjóði
Hjálmar kaupmanns Jónssonar; Þórunn Þorsteinsdóttir, Ing. 21c, Sigríður
Þorsteinsdóttir, Laug. 86 a, Kristín Sigurlín Hafliðadóttir, Njál. 60, Ingunn
Guðmundsdóttir, Elliheimilinu.
25. Lagt fram bréf frá Arngrími Kristjánssyni þar sem hann óskar eftir byggingarlóð í
Litlubrekkubletti.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
Jakob Möller Stefán Jóh. Stefánsson Bjarni Benediktsson
Guðm. Eiríksson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 24. júní kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 45 við Víðimel við Ludvig Petersen, en Sigurjón Pjetursson hefir afsalað sjer tilkalli til lóðarinnar.
2. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Víðmel 49 við Hrafnhildi Gunnarsdóttur.
3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XLVII fyrir kr. 2500. - Hafnað.
4. Samþ. að leyfa Jóni Þorleifssyni að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Breiðholtsbletti I, enda hlíti hann skilmálum sem settir kunna að verða um byggingu íbúðarhúsa á erfðafestulöndum.
5. Samþ. að leyfa Haraldi Jónssyni að byggja alifulgahús úr timbri og jární á erfðafestulandinu Sogabletti VIV.
6. Samþ. að skifta erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XIV til helminga og verði syðri bletturinn talinn Kringlumýrarblettur XIV A. Ákveða skal í erfðafestusamningi að ekki verði leyft að byggja íbúðarhús á nyrðri blettinum.
7. Lögð fram matsgerð dómkvaddra manna á endurkaupsverði fyrir erfðafestulandið Norðurmýrarbletti XII.
8. Erindi Ólafs Jónssonar um aðstoð til þess að flytja íbúðarskúr úr götustæði Hringbrautar eða að bæjarsjóður kaupi skúrinn, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
9. Lagt fram erindi Þórólfs Ólafssonar lögfr. viðvíkjandi skiftingu lóða í landi frú Margrjetar Árnason í Skildinganesi. Vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.
10. Lagt fram brjef frá nefnd sem Í.S.Í. hefir kosið til þess að hrinda í framkvæmd byggingu íþróttavalla við Skerjafjörð, þar sem farið er fram á að bæjarstjórn fái hingað erlendan sjerfræðing um gerð íþróttavalla. Borgarritara falið að svara brjefinu.
11. Lagðar fram matsgerðir lóðamatsnefndar á leigu eftirtaldra landa um næstu 5 ár:

Lóð	hf.Fiskimjöls við Köllunarklettsveg
“	Asgeirs Þorsteinssonar við Köllunarklettsveg
“	Tryggva Pjeturssonar og co. við Skúlagötu
“	Vígfúsar Einarssonar við Smirilsveg
“	Magnúsar Guðmundssonar við Slippinn
“	Steins Jóh. Arnasonar við Þvergötu.

12. Húseigendur við Njálsgötu æskja þess að gatan verði malbikuð frá Klapparstíg að Barónsstíg.
13. Samþ. að láta rífa Suðurpól nr. 11-20.
14. Samþ. að veita Guðmundi Þorsteinssyni, meðeiganda Andrjesar Ágústis Jónssonar að firmanu „Rafvirkinn“, löggildingu sem rafmagnsvirkja við lágspennu-kerfi.
15. Lögð fram tilkynning um ályktun sem gerð var á aðalsafnaðarfundi Dómkirkju safnaðarins - 12. þ.m. þess efnis að bæjarstjórinn taki Kirkjugarða bæjarins undir sína umsjá hið fyrsta, skv. lögum 1932.
16. Lögð fram skýrsla heilbrigðisfulltrúa um skoðun kjallarafbúða s.l. vetur svo og um tölu kyrnusalerna í bænum.
17. Lagt fram brjef lögreglustjóra með eftirriti af greinagerð og tillögum er forstöðumaður matvælaeftirlitsins hefir sent landlækni með brjefi dags. 19.f.m.
18. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 13.þ.m.
19. Lagt fram brjef lögreglustjóra dags. 22.þ.m. viðvíkjandi utanfararstyrk til lögregluþjóna nú í sumar.
20. Lögð fram ályktun skólanefnda Miðbæjarskólans á fundi 22. þ.m. viðvíkjandi húsnæði til matreiðslukennslu.
21. Lagt fram brjef landlæknis dags. 22. þ.m. viðvíkjandi skrifstofuhaldi hjeraðslæknisins hjer í bænum.
22. Bæjarráð ákveður fyrir sitt leyti að hús á lóðinni nr 11. við Laufásveg skuli byggt 3 metra frá fyrirhugaðri götulínu.
23. Samþ. að fela verkfræðingi hitaveitunnar að birta nauðsynlegar leiðbeiningar um reynslu sem fengist hefir um notkun miðstöðvarofna, sem hafa verið hitaðir með hveravatni.
24. Lögð fram skýrsla vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 16. þ.m. og 23. þ.m.
25. Samþ. að fella niður fyrri ákvörðun um að sambyggt verði við norðanverða Rauðarárstíg fyrir sunnan Njálsgötu.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
Jakob Möller Bjarni Benediktsson
Jón Axel Pétursson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 29. júní kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Rætt um frv. til reglugerðar fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur og byggingar-
tillögur sem fram eru komnar. Bæjarráð gerði nokkrar breytingartillögur og var
borgaritari falið að láta fjölríta þær og senda bæjarfulltrúum. Vísað til bæjar-
stjórnar.
2. Lagt fram frv. til reglugerðar fyrir Sogsvirkjunina og framkomnar breytingar-
tillögur.
3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti XXXIV fyrir kr. 400.
- Hafnað.
4. Lagt til að bæjarsjóður leggi fram, sem undanfarin ár, allt að 15000.- krónur til
vegagerðar austan Þingvallavatns, enda verði verkið unnið af unglíngum hjeðan
úr bænum og ríkisjóður leggi fram jafnháa upphæð [úr] bæjarsjóði.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson

Jón Axel Pétursson Bjarni Benediktsson

Guðm. Eiríksson Jakob Möller.

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 5. júlí kl. 10 f.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Útsvarsmál: Alfred Kristinsson Lvg. 49b, Axel Sigurðsson Bald. 36, Ásgrímur Sig. Ásgrímsson Skeggja.3, A. Bloch Klapp. 29, Herluf Clausen kaupm., Brynjólfur Magnússon Óð 6, Eiríkur Steinsson Holtsg. 14a, Guðný Guðbrandsdóttir Lvg. 8b, Guðrún Guðbrandsdóttir Lvg. 8b, Guðm. Stefánsson Hringbr. 158, Jón Guðmundsson Þóroddsstöðum, Eyjólfur Stefánsson Bergþ. 33, Guðm. Ögmundsson Hringbr. 159, Haraldur E.T.V. Hallgrímsson Hellusund 7, Mogens Mogensen Aðal. 2, Sjúkrahús Hvítabandsins, Pálína Ottadóttir Lvg. 19, Soffía E. Einarsdóttir Vest. 53a, Strætisvagnar Reykjavíkur h.f., Ólafur G. Eyjólfsson M., Norðdahl, Áskell Lav. 49, Guðni Thorlacius Rán. 33, Lars J. Tramberg Grett. 28, Sveinbjörn Friðfinnsson Hringbr. 196, Vilhelm Davíðsson Njg. 23, Tómas Tómasson Garð. 8, Vilhjálmur Þorsteinsson Grett. 20b, Vera Simillon, Hjörtur E. Guðmundsson Bráv. 26, Mjólnir h.f., Sigurður Matthíasson Ásv. 81.
2. Bæjarráð mælir með umsókn barnaheimilisins Vorboðinn um 1000 kr. styrk úr bæjarsjóði til starfseminnar nú í sumar.
3. K.R. sækir um 1500 kr. styrk til þess að senda íþróttamenn utan nú í sumar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson

Guðm. Eiríksson Jón Axel Pétursson

Bjarni Benediktsson Jakob Möller

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 8. júlí kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti LI fyrir kr. 1000.- Hafnað.
2. Bæjarráð vill ekki leyfa byggingu íbúðarhúss á erfðafestulandinu Litlubrekku-bletti, en hafnar boði um forkaupsrjett að landinu fyrir kr. 5600.-
3. Samþ. að gefa Guðfinni Þorbjörnssyni og Axel Andersen kost á leigulóðinni nr. 38 við Víðimel og Jóni G. Jónssyni kost á lóðinni nr. 40 við sömu götu, en Atli Eiríksson afsalar sjer tilkalli til lóðanna.
4. Samþ. að gefa Ragnari Guðlaugssyni, Háv. 42, kost á leigulóðinni nr. 59 við Víðimel.
5. Lagt fram brjef frá Halli Helgasyni viðvíkjandi lóð undir íbúðarhús við Kleppsveg.
6. Synjað beiðni frá Jóni B. Jónssyni um leyfi til að beita 3-4 hestum í hestagirðingunni í Fossvogi. Jafnframt var bæjarverkfræðingi falið að rannsaka hvaða hestar, aðrir en bæjarhestar, hefir gengið í girðingunni síðastl. sumar.
7. Lögð fram kvörtun nokkurra húseigenda við Grettisgötu og Njálsgötu um reyk frá reykhusinu Grettisgötu 50 b. Falið bæjarverkfræðingi og heilbrigðisfulltrúa til athugunar.
8. Bæjarráð mælir með því að bifreiðastæði verði gerð í svonefndum Bernhöftstúni og Gimlistúni við Lækjargötu, enda samþykki bæjarráð allan frágang á staðnum, sjerstaklega að því er tekur til innkeyrslu frá Lækjargötu og girðinga um svæðið. Bæjarráð vill ekki leyfa neinar byggingar á þessu svæði. Jón A. Pjetursson er því alveg mótfallinn að bifreiðastæði verði leyfð á umræddum tünnum.
9. Bæjarráð samþykkir með 4:1 atkv. að verða við tillögu lögregluþjónafjelagsins frá 10. maí s.l. um að utanfararstyrk til lögregluþjóna verði skift á milli 5 lögregluþjóna, er fari saman utan, og er óskað eftir tillögum lögreglustjóra um fyrirkomulag slíkrar farar og hverjir muni taka þátt í henni.
10. Synjað erindi bifreiðastöðvarinnar Geysi um helmings eftirgjöf á lóðarleigu.

11. Erindi Sigurðar Jóhannssonar um leyfi til að selja sælgæti í Sundhöllinni vísað til umsagnar forstjóra Sundhallarinnar.
12. Synjað erindi um að flytja eitthvað af ljósatækjum sem eru í Austurbæjarskólanum í Miðbæjarskólann.
13. Bæjarráð samþykkir að greiða helming kostnaðar við skrifstofu hjeraðslæknis skv. lögum nr. 21/1937, en telur ekki heimilt að greiða úr bæjarsjóði nokkurn kostnað við matvælaeftirlit ríkisins.
14. Synjað beiðni Gests Gunnlaugssonar um að fá vatni úr vatnsveitu bæjarins að nýbýli við Breiðholtsveg (úr landi Digraness).
15. Að gefnu tilefni endurtekur bæjarráð samþykkt sína frá 9. júlí 1937 (9. liður) um sumarfrí verkamanna í þjónustu bæjarins og leggur fyrir bæjarverkfræðing og bæjarstofnanir að framfylgja þeirri samþykkt.
16. Lagt fram erindi frá Mæðrastyrksnefnd um 1500-2000 króna styrk úr bæjarsjóði til sumardvalar fyrir konur í bænum og börn þeirra. Bæjarráð mælir með jafnhárrí styrkveitingu sem síðastl. sumar kr. 1500.-
17. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 30. f.m.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson

Bjarni Benediktsson Jón Axel Pétursson

Valtýr Stefánsson Guðm. Eiríksson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 15. júlí kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að gefa Gunnlaugi Bárðarsyni Skeggjag. 15 kost á leigulóðinni nr. 16 við Skeggjagötu.
2. Beiðni um skiftingu á erfðafestulandinu Fossvogsbl. LI vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
3. Samþ. að leyfa Valdimar Guðjónssyni og Valdimar Bjarnasyni að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XLIII, enda hlýti þeir skilmálum sem settir kunna að verða um byggingar á erfðafestulöndum.
4. Beiðni Skógræktarfelags Íslands um að fá að leggja vatnsæð úr vatnsveitu bæjarins að skógræktarlandi fjelagsins í Fossvogi vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu. Bæjarráð vill sinna beiðninni.
5. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um árangur af rannsókn á viðskiftum Úlfs Jónssonar við Rafmagnsveituna sem eiganda jarðarinnar Úlfljótsvatns, svo og viðskifti hans við Snorra Gíslason. Rafmagnsstjóra og borgarritara falið málið til frekari meðferðar.
6. Samþ. frv. rafmagnsstjóra að samningi við Þorlák Kolbeinsson um að hann taki við jörðinni Úlfljótsvatni f.h. Rafmagnsveitunnar.
7. Lagt fram brjef lögreglustjóra, dags. í dag, þar sem hann tilkynnir að úr hópför 5 lögregluþjóna til útlanda nú í ár muni ekki geta orðið vegna ónógs undirbúnings.
8. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 14. þ.m.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
Valtýr Stefánsson Guðm. Eiríksson
Jakob Möller

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 22. júlí kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Erindi Sveins Sveinssonar, Háv. 38, um land til að reisa á gróðurhús, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
2. Bæjarverkfræðingi falið að athuga beiðni Kristjáns Ólafssonar, Lok, 16, um byggingu íbúðarskúrs á erfðafestulandi Krossamýri VI.
3. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 20 við Mánagötu við Stefán Bjarnason Karl. 11.
4. Samþ. að gefa Markúsi Einarssyni kost á leigulóðinni 46 og 48 við Víðimel.
5. Samþ. skilmála um leigu á lóð Veidarfæragerðar Íslands í Rauðarárholti: Leigutíminn verði 75 ár. Stærð lóðarinnar 1158 frn.
6. Samþ. að fela byggingarfulltrúa að hafa eftirlit með lagningu pípna fyrir rafmagnslagnir í steypuveggjum og loftum.
7. Samþ. að taka tilboði Óskars Sveinbjarnasonar, Lvg 147, um byggingu 5 spennistöðva úr timburflekum fyrir kr. 2140.-
8. Samþ. að mæla með því að föstum starfsmönnum bæjarins og bæjarstofnana verði greidd ómagauppbót kr. 20. - fyrir hvern ómaga á föstu framfæri þeirra á sama hátt og undanfarin ár.
9. Hermann Kristjánsson, Þver. 2, sækir um meðmæli bæjarstjórnar til þess að fá veitingaleyfi.
10. Lögð fram tillaga frá bæjarfulltrúum Kommúnistaflokksins, sem var vísað til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 21. þ.m., um aukna atvinnu hjá bæjarsjóði. Borgarrítara falið að gefa skýrslu um verkamannaatvinnu hjá bæjarsjóði nú.
11. Barnavinafjel. Sumargjöf býður Vesturborg til leigu fyrir skólalald næsta vetur. Vísað til fræðsluráðs til umsagnar.
12. Lögð fram skýrsla vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 21. þ.m.
13. Samþ. að innheimta með málssókn skuldir Biskupstungna, - Gnúpverja- og Austur-Eyjafjallahreppa við bæjarsjóð vegna framfærslumála.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
Bjarni Benediktsson Guðm. Eiríksson
Jakob Möller Jón Axel Pétursson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 29. júlí kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXX fyrir kr. 13350. - Hafnað.
2. Lögð fram matsgerð lóðamatsnefndar á leigu fyrir verksmiðjulóð h.f. Veiðafæra-gerð Íslands í Rauðarárholti.
3. Lagt fram brjef frá h.f. Strætisvagnar Reykjavíkur þar sem fjelagið segir upp samningum um flutning skólabarna og lögregluþjóna.
4. Að nánar athuguðu máli vill bæjarráð leyfa Gesti Gunnlaugssyni Hallv. 10 að leggja vatn frá aðalaðfærsluæð Vatnsveitunnar að nýbýli hans við Breiðholtsveg og er bæjarverkfræðingi falið að hafa umsjón með framkvæmd verksins.
5. Bæjarráð vill leyfa Sig. Jóhannssyni Sólv. 2 að setja upp sjálfsala fyrir sælgæti etc. í Sundhöllinni gegn hæfilegri þóknun og með því skilyrði að sjálfsalinn verði fluttur úr Sundhöllinni er krafist verður með hálfmánaðar fyrirvara.
6. Samþ. að skifta erfðafestulandinu Fossvogsbletti LI, eftir beiðni Guðna Bjarnasonar og Bjarna Ívarssonar og bæjarverkfræðingi falið málið til afgreiðslu.
7. Bæjarráð vill ekki breyta skilmálum um byggingar á erfðafestulöndum í Krossa-mýri á þann hátt að þar verði leyfð stærri hús en 25 ferm.
8. Lögð fram tilkynning nefndar sem dæmt hefir um tillöguuppdrætti að vatns-geymum fyrirhugaðrar hitaveitu á Öskjuhlíð, um dóm nefndarinnar. Hefir nefndin dæmt Sig. Guðmundssyni arkitekt 2. verðlaun kr. 1000.- og Ágústi Pálssyni arkitekt 3. verðlaun kr. 500.- Auk þess leggur nefndin til að tillaga Sig. S. Thoroddsen verkfræðings verði keypt fyrir kr. 450.- og var það samþykkt.
9. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra viðv. fyrirkomulag fyrirlestrahalds um raflýsingu nú í haust.
10. Lagt fram brjef frá Jóni Ormssyni rafvirkjameistara með beiðni um að hann fái með sjerstökum kjörum keypta raforku til upphitunar hússins nr. 1 við Sjafnar-götu. Falið rafmagnsstjóra til umsagnar.

11. Lagt fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofnna um skrásetta atvinnulausa verkamenn 28. þ.m.
12. Beiðni Þingstúku Reykjavíkur um ca. 8 ha. landspildu til útistarfa í Elliðavatnslandi vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.
13. Lögð fram skýrsla um notkun Sundhallarinnar í maí- og júní síðastl.
14. Lagt fram brjef frá dóms-og kirkjumálaráðuneytisins, þar sem tilkynnt er að Sveinn Sæmundsson hafi verið skipaður yfirlögreglustjóri fyrir þá deild lögreglunnar í Reykjavík er vinna að rannsókn afbrotamála.
15. Samþ. að fella niður aukavatnsskatt ef húsinu Nönnugötu 16 fyrir árið 1938.
16. Samþ. að veita þessum lögregluþjónum utanfararstyrk skv. fjárhagsáætlun bæjarins fyrir yfirstandandi ár.

Erlingi Pálssyni kr. 500.-

Karli Guðmundssyni kr. 1000.-

Þorkeli Steinssyni 500.-

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson

Jakob Möller Stefán Jóh. Stefánsson

Bjarni Benediktsson Guðm. Eiríksson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 5. ágúst kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leyfa Sören Bögeskov að byggja fjós og hlöðu á erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XIX, með því skilyrði að byggingu kosti ekki meira en 1500 krónur.
2. Samþ. að leigja Þingstúku Reykjavíkur ca. 8. hektara land úr Elliðadalsslandi til ræktunar og útistarfa. Landið leigist með sömu kjörum og leiguland Verkalýðsfélaganna í Rauðhólum, eftir nánari útvísun rafmagnsstjóra, og skal væntanlegur leigusamningur uppseigjanlegur með 6 mánaða fyrirvara.
3. Samþ. að veita Geiri F. Sigurðssyni lögregluþjóni frí frá störfum í eitt ár með fullum launum vegna heilsubrests.
4. Samþ. að veita Norræna Félaginu 300 krónur styrk úr bæjarsjóði vegna móts norrænna kvenna.
5. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra verkamanna í gær.
6. Lögð fram tillaga Sigurðar Jónassonar frá bæjarstjórnarfundi í gær um aukningu Sogsstöðvarinnar. Ákveðið að fá umsögn rafmagnsstjóra.
7. Lagðar fram tillögur sama bæjarfulltrúa um hitaveituna frá Þvottalaugunum. - Málinu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
8. Lögð fram tillaga Björns Bjarnasonar og Ársæls Sigurðssonar frá bæjarstjórnarfundi í gær. - Málinu vísað til borgarstjóra til athugunar.

Fleira ekki gerð.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson

Jakob Möller Stefán Jóh. Stefánsson

Bjarni Benediktsson Guðm. Eiríksson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 12. ágúst kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram áskorun frá búendunum í Kringlumýri um að ekki verði leyft að setja upp refabú í hverfinu við Seljalands- og Háaleitisveg í Grensási.
2. Lögð fram beiðni frá Maríu Jónsdóttur Grettisgötu 47 a, um meðmæli með umsókn um veitingaleyfi.
3. Lagt fram bréf frá Verkamannafélaginu Dagsbrún þar sem þess er óskað að gert verði samkomulag við félagið um innheimtu árgjalds til félagsins hjá þeim verkamönnum, sem vinna hjá bænum.
4. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.
5. Samþ. að tilnefna Guðmund Eiríksson bæjarfulltrúa til þess að mæla þær skemmdir, sem orðið hafa á húsnæði Barnaheimilisins Vorblómið Reykjavíkurvegi 1, aðrar en eðlilegt slit.
6. Lögð fram fyrirspurn frá L. Andersen um hvort leyft verði að leigja hluta af lóðum db. Helgu J. Andersen við Aðalstræti undir bifreiðaafgreiðslu.- Ákveðið að fá umsögn lögreglustjóra.
7. Synjað beiðni frá Þorsteini Finnbogasyni um að breytt verði erfðafestusamningnum um Fossvogsblett XLII.
8. Samþ. að selja Óskari Jónssyni, Bræðraborgarstíg 12 c, húsið nr. 11 við Bræðraborgarstíg, fyrir 1500 krónur.
9. Lögð fram skýrsla Tom Nordensson verkfr. um athuganir hans á tillögum og áætlunum verkfræðinga bæjarins um hitaveitu til bæjarins frá Reykjum.
Borgarstjóri skýrði frá því, að eins og sakir stæðu væri ekki ráðlegt að bjóða nú út lán hingað til lands í Svíþjóð, þrátt fyrir það, að skýrsla sænska verkfræðingsins væri mjög hagstæð að því leyti að hann teldi hitaveituna arðvænlegt fyrirtæki.
Í skýrslu sinni fellst Nordensson á tillögur og áætlanir verkfræðinga bæjarins, sem og þá ráðagerð að nota heitavatnið, sem nú má ná á Reykjum, til hitaveitu um allan bæinn, enda verði þá byggð hitunarstöð þar sem skerpa megi á vatninu þegar frost er meira en 8°C, og hefir Nordensson talið upp í skýrslu sína áætlun um þá stöð.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
Jakob Möller Stefán Jóh. Stefánsson
Bjarni Benediktsson Guðm. Eiríksson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 19. ágúst kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að taka úr erfðafestu það sem áætlað er af erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXIII.
2. Lagt fram bréf frá h/f Hamri um makaskipti á lóðunum við Tryggvagötu. - Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
3. Samþ. að kaupa ca. 135 ferm. af lóðinni nr. 11 við Skólavörðustíg og ennfremur hesthús og hlöðu, sem stendur á lóðinni. - Bæjarverkfræðingi falið málið til meðferðar.
4. Synjað beiðni frá Þórhalli Jóhannssyni, Engjahlíð, um 1 hektara erfðafestuland austan við Þvottalaugablett 24.
5. Synjað beiðni frá Kristínu Kristjánsdóttur um styrk til þess að leggja frárenslí frá húsunum nr. 37 a og 37 b við Grandaveg.
6. Lagt fram bréf frá lögreglustjóra út af óþrifnaði í sundinu milli húsanna nr. 18 og 20 við Hafnarstræti. - Falið bæjarverkfræðingi til afgreiðslu.
7. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulöndunum Sogamýrarbletti 2 og 18, ásamt húseigninni Merkjasteinn fyrir kr. 11411,16. Hafnað.
8. Lögð fram beiðni frá Sveini Jóhannssyni, Leifsgötu 10, um meðmæli með umsókn um veitingaleyfi.
9. Lögð fram beiðni frá Engilrád Hallgrímsdóttur, Hafnarhúsinu, um leyfi til að reka veitingar í húsinu nr. 18 við Hafnarstræti. Vísað til heilbrigðisnefndar.
10. Ákveðið að auglýsa Briemsfjós til niðurrífs.
11. Lögð fram tillaga fulltrúa kommúnistaflokksins frá bæjarstjórnarfundi í gær um útboð á láni innanlands til hitaveitunnar.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Guðm. Eiríksson Jakob Möller
Bjarni Benediktsson

BÆJARRÁÐ.

Hinn 25. ágúst 1938 kl. 11 f.h. voru opnuð tilboð í gaskolafarm skv. úboði gasstöðv-
arstjórans.

Þessi tilboð bárust:

Geir H. Zöega fh. Hull Blyth G. Ltd London 28/6 sh. pr. tonn c.i.f. Rv.
O. Johnson og Kaaber hf. fh. Burns Lindermann Ltd. 29/8 sh. pr. tonn c.i.f. Rv.
Ólafur Gíslason hf. 29/9 sh. “ “ “

Frestur tekinn til morguns kl. 6 e.h. til þess að útvega nuðsynlegar banka-
tryggingu fyrir yfirfærslu á andvirði kolanna og tekur bæjarráð þá ákvörðun um hverju
tilboði skuli tekið.

Br. Sigurðsson

Geir H. Zöega

pr.pr. O Johnsen og Kaaber h/f.

Tómas Jónsson

M. Andrésson

B Æ J A R R Á Þ .

Ár 1938, föstudaginn 26. ágúst kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Ákveðið að taka tilboði Geirs H. Zöega fh. Hull Blyth G. Ltd London, dags. 22.þ.m um sölu á ca. 2000 tonnum af gaskolum til Gasstöðvarinnar enda fáist bankaábyrgð fyrir yfirfærslu á andvirði farmsins svo sem tilskilið er í tilboðinu.
2. Matthías Einarsson læknir sækir um forkaupsrjett að landi sem liggur að eignarlóð hans við Höfða.
3. Knattspyrnufjel. Valur ítrekar beiðni sína um að fá úthlutað svæðinu fyrir íþróttavelli á fyrirhuguðu íþróttasvæði við Skerjafjörð.
4. Lögð fram umsögn Heilbrigðisfulltrúa um erindi dags. 27. júní s.l. þar sem kvartað var yfir reyk frá svonefndu Reykhúsi á lóðinni 50 b við Grettisgötu.
5. Samþ. að heimila borgarstjóra að hafa makaskifti við hf. Hamar á lóðarspildunni við Tryggvagötu og Ægisgötu gegn því að fjelagið greiði verðmismun kr. 1410.- og verði samtímis rífið húsið sem stendur á gatnamótum nefndra gatna bæjarsjóði að kostnaðarlausu.
6. Samþ. að gefa Hafliða Jóhannssyni og Jóhanni Hafliðasyni kost á leigulóðunum nr. 34,36, 38 og 40 við Reynimel.
7. Samþ. að gefa Zophoníasi Snorrasyni kost á leigulóðinni nr. 14. við Skeggjagötu.
8. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogabletti 16 með húseigninni Sogalundur fyrir kr. 12000. - Hafnað.
9. Lagt fram brjef frá skólastjóra Laugarnesskólans viðvíkjandi flutningi skólabarna í skólahverfinu með strætisvögnum, nauðsyn grassvæðis til leikvallar fyrir heimavistarbörnin, svo og nauðsyn þess að skólahúsið verði stækkað að mun.
10. Lagt fram erindi Þorsteins Þorsteinssonar bifreiðaeiganda dags. 26. þ.m. þar sem hann fer fram á að bæjarsjóður beri nokkurn hluta kostnaðar sem hann hefir orðið fyrir vegna slyss af völdum bifreiðar hans, sem ekið var í þjónustu slökkviliðsins 22. nóv. 1936.

11. Lagt fram brjef frá Braga Steingrímssyni dýralækni viðvíkjandi berklarannsókn á mjólkurkúm í lögsagnarumdæminu. Ákveðið að óska umsagnar berklayfirlæknisins um erindið.
12. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 25. þ.m.
13. Bæjarráð vill ekki mæla með því að Fellsstrandarhreppi verði gefinn afsláttur af skuld hreppsins við bæjarsjóð, en vill hinsvegar taka við greiðslu í Kreppulánasjóðsbrjefum.
14. Lagt fram brjef Jóns Þorsteinssonar íþróttakennara viðv. greiðslu fyrir sjúkraleikfimi hryggskakkra skólabarna. Borgaritari falið að athuga erindið.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson

Guðm. Ásbjörnsson Stefán Jóh. Stefánsson

Jakob Möller Guðm. Eiríksson

Bjarni Benediktsson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 2. septbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. VIII fyrir kr. 5000.
- Hafnað.
2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XXVI fyrir kr. 9800.
- Hafnað.
3. Samþ. að leyfa Karli Ásgeirssyni að byggja viðbótarbyggingu úr timbri við íbúðarhús á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. XIII, enda hlýtur hann skilmálum sem settir kunna að verða um byggingar íbúðarhúsa á erfðafestulöndum.
4. Bæjarráðið vill ekki sinni beiðni Guðmundar Jónssonar um að veitt verði nýtt leyfi til þess að húsið Litlaland í Kaplaskjóli megi standa um ákveðið árabil, 10 - 20 ár.
5. Sjóklæðagerð Ísland hf. fer fram á að fjelaginu verði fengin byggingarlóð til umráða, norðan af byggingunni við Reykjavíkurveg. Falið bæjarverkfræðingi til umsagnar.
6. Lagt fram brjef lögreglustjóra dags. 31. f.m. með umsögn um beiðni Z. Andersen f.h. dánarbús Helgu Andersen um að mega gera bifreiðastæði á lóðunum nr. 14 og 16 við Aðalstræti. Samþ. með 4:1 atkv. að leyfa bifreiðastæði á lóðum þessum með því skilyrði að keyrt verði að og frá staðnum um Grjótagötu.
7. Beiðni um leyfi til þess að reka veitingar í húsinu Austurstræti 5 vísað til heilbrigðisnefnda til umsagnar.
8. Ólafur Magnússon Túng. 34 ítrekar umsókn sína um leigulóðina Flótagötu 18. Samþykkt að verða við beiðninni.
9. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 1. þ.m.
10. Samþ. að gefa Hjalta Lýðssyni Grett. 64 kost á leigulóðinni nr. 67 við Hringbraut.
11. Samþ. að gefa Einari Sveinssyni kost á leigulóðunum 45 og 47 við Reynimel.

12. Samþ. að gefa Friðrik Helgasyni kost á leigulóðinni nr. 50 og 52 við Víðmel.
13. Samþ. að gefa Magnúsi Vigfússyni og Guðjóni Vigfússyni kost á leigulóðunum nr. 41 og 43 við Reynimel.
14. Samþ. að gefa Þór Sandholt kost á leigulóðunum nr. 29 og 31 við Reynimel.
15. Samþ. að gefa Ingólfi Guðmundssyni kost á leigulóðinni nr. 37 og 39 við Reynimel.
16. Synjað erindi Þorst. Þorsteinssonar og Gunnars Árnasonar um 10 ha. erfðafestuland í Breiðholtslandi.
17. Lagt fram brjef frá Axel Helgassyni, þar sem hann býður 1 eða fleiri afsteypur af upphleyptu Íslandskorti í mælikv. 1:100000.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson

Bjarni Benediktsson Stefán Jóh. Stefánsson

Guðm. Eiríksson Jakob Möller

Guðm. Ásbjörnsson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 9. septbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Petta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugarásbletti III fyrir kr. 10.000.
- Hafnað.
2. Samþ. að taka tilboði Guðna Bjarnasonar Njg. 92 um kaup á Briemsfjósi til niðurrifs fyrir kr. 1450.-
3. Synjað beiðni Aðalsteins Guðmundssonar um leyfi til að byggja stærra íbúðarhús en 25 ferm. á erfðafestulandinu Krossamýri XV.
4. Samþ. að mæla með því að Helgu Marteinsdóttur verði veitt veitingaleyfi hjer í bænum.
5. Lögð fram drög að frv. um fasteignaskatt í Reykjavík skv. l. 69, 31. desbr. 1937.
6. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 8. þ.m.
7. Lagt fram brjef frá tollstjóra með reikningi fyrir ógreidd námsbókargjöld í Reykjavík 1937. Borgarritara falið að athuga málið.
8. Svohljóðandi tillaga gerð til bæjarstjórnar. Bæjarstjórn felur borgarstjóra og bæjarráði að leita tilboða hjá innlendum og erlendum váttryggingarfjelögum um brunatryggingar á húseignum í bænum frá 1. apríl 1939.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson

Guðm. Ásbjörnsson Björn Benediktsson

Jakob Möller Stefán Jóh. Stefánsson

Guðm. Eiríksson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 12. septbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Útsvarsmál: Ólafur G. Eyjólfsson db. Lvg. 87, Sveinbjörn M. Pálsson Njg. 84, Sigurður Sveinsson Miðstr. 3a, Sigurjón Sigurðsson Fálkag. 20., Hlutfafjel. Smári, Kristmann Þorkelsson Selj. 25, Sigríður Ásgeirsdóttir Lauf. 65, Sigurður Jóhannesson Hvg. 104, Margrjet Kristófersdóttir Tjarn. 10a, Sigurmundur Guðnason Reykjavíkurv. 4, Sveinn Ólafsson Kár. 10, Halldór Kærnested Vest. 33, Kristín Bæringsdóttir Lvg. 53 b., Þóra Kr. Runólfsdóttir Ásv. 51, Vigfús Kristjánsson Tjarn. 20, Frank Arason Lind. 9, Bjarnrún Jónsdóttir Túng. 51, Guðmundur Magnússon Víðimel 51, Erlingur Jónsson Bald. 30, Guðrún S. Jónsdóttir, Hringbr. 77, Halldór Sveinsson Berg. 10, Guðlaugur Jónsson Lind. 38, Jóna Bjarnadóttir Freyjug. 24, Guðmundur Guðnason Berg. 26B, Skúli M. Jóhannsson Austurstr. 3, Aðalsteinn Tryggvason Hringbr. 146, Sigríður Erlingsdóttir Tjarn. 16.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson

Jakob Möller Guðm. Eiríksson

Guðm. Ásbjörnsson Jón Björnsson

B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1938, föstudaginn 16. septbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leyfa Aðalheiði Albertsdóttur að leggja fjós og hlöðu úr timbri á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti 24. Jafnframt er felld úr gildi byggingarleyfi á þessu landi frá 1937.
2. Samþ. að taka erfðafestulandið Sogamýrarblett 18 úr erfðafestu þar sem skilmálum hefir ekki verið fullnægt.
3. Lögð fram yfirmatsgjörð á leigugjaldi eftir lóð Skúla Thorarensen við fyrirhugaða Skúlagötu.
4. Samþ. að gefa Þorkeli Ingibergssyni, Egilsgötu 14, kost á leigulóðinni Gunnarsbraut 32.
5. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti, að Sjóklæðagerð Íslands hf. verði fengin byggingarlóð til umræða, norður af byggingunni við Reykjavíkurveg, en borgarstjóra falið málið til afgreiðslu að öðru leyti.
6. Lögð fram beiðni frá Elíasi Hjörleifssyni um leyfi til að byggja bílskúr við húsið Njálsgötu 94. Vísað til byggingarnefndar.
7. Lögð fram skýrsla um starfsemi Sundhallarinnar í júlí og ágúst.
8. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.
9. Lagt fram bréf frá Glímufélaginu Ármanni um byggingu bátaskýlis í Nauthólsvík. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.
10. Samþ. að auglýsa eignina Eyrarhraun við Hafnarfjörð til sölu.
11. Borgarstjóra falið að auglýsa eftir tilboðum í brunatryggingar í bænum samkv. frv. að útboðslýsingu, sem lagt var fyrir fundinn.
12. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra um tillögur Sigurðar Jónassonar frá bæjarstjórnarfundum 4. sept.
13. Samþ. að taka tilboði frá Ólafi G. Guðmundssyni um byggingu spennistöðvar við Vitastíg og Grandaveg fyrir kr. 8900,00 og ennfremur að taka tilboði frá Jóni

Guðjónssyni, Berg. 50, um að gera undirstöður undir 5 spennistöðvarskúra fyrir kr. 2200,00.

- 14. Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra ásamt útskrift af réttarrannsókn út af kæru um óleyfilega laxatöku í Elliðaánnum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson

Jakob Möller

Bjarni Benediktsson Guðm. Eiríksson

Stefán Jóh. Stefánsson Helgi H. Eiríksson

B Æ J A R R Á Þ .

Ár 1938, föstudaginn 23. septbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Þvottalaugabletti VI fyrir kr. 7500.- Hafnað.
2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXXV fyrir kr. 14.600.- Hafnað.
3. Samþ. að taka úr erfðafestu undir rafmagnsspennistöðvar spildu úr erfðafestulöndunum Kringlumýrabl. XXVIII, Þvottalaugabl. XXXV, og Bústaðabletti XI. Sömuleiðis ákveðið að leyfa Rafmagnsveitunni að reisa spennistöð á leigulandi Golfklúbbsins.
4. Samþ. að gefa Einari Magnússyni Ing. 10 kost á erfðafestulandinu Sogamýrabl. XVIII en jafnframt ákveðið að bygging íbúðarhúss á landinu verði ekki leyfð.
5. Samþ. að leyfa Ágústi Guðmundssyni að gera á sinn kostnað, holræsi í Ártúnstúni.
6. Byggingarnefnd Háskólans fer þess á leit að hið fyrsta verði lagður vegur að hinni nýju háskólabyggingu suður af Bjarkargötu. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.
7. Lagt fram brjef frá stjórn Í.S.Í. dags. 19. þ.m. þar sem lagt er til ,að hvert knattspyrnu-fjelaganna Fram, K.R., Valur og Víkingur fái útvísað tveim knattspyrnuvöllum á fyrirhuguðu íþróttasvæði við Skerjafjörð. Bæjarráð felur bæjarverkfræðingi að útvísa svæðunum í samráði við stjórn Í.S. Í. og formenn knattspyrnu-fjelaganna eftir skilmálum sem bæjarráð samþykkir.
8. Samþ. að leyfa K.R. að nota gamla íshúsið við Tjarnagötu til íþróttæfinga næstk. vetur.
9. Bæjarráð vill ekki að svo stöddu leyfa að sett verði á stofn veitingahús í Túngötu 6.
10. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 16. þ.m. Eftir tillögu lögreglustjóra, hjeraðslæknis og heilbrigðisfulltrúa vill bæjarráð leyfa að reka megi veitingar í húsnæði því er getur í 6. lið fundargerðarinnar til 14. maí næstk.

11. Eftir tillögu bæjarverkfræðings var samþ. að gefa Erlendi Einarssyni Auðarstr. 15 kost á leigulóðunum nr. 36 og 38 við Rauðarárstíg.
12. Samþ. að gefa Skúla Þorkelssyni kost á leigulóðinni 181 við Hringbraut.
13. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 22. þ.m.
14. Lagt fram brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 5. þ.m. þar sem óskað er umsagnar um beiðni Eggerts I. Ísdals um uppreist æru.
15. Synjað erindi um að vatnsæð verði lögð með Bústaðavegi.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson

Jakob Möller Jón Björnsson

Bjarni Benediktsson Stefán Jóh. Stefánsson

Guðm. Eiríksson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 30. septbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leita eftir tilboðum í fjós og hlöðu á Vatnsmýrarbletti I til brottflutnings eða niðurrifs.
2. Samþ. að taka tilboði Jóns Jónssonar Mjósundi 3 Hafnarfirði um kaup á býlinu Eyrarhraun m/lóðarjettindum fyrir kr. 459.-
3. Ákveðinn 30 ára leigutími frá 1. jan. 1938 á lóð, sem samþ. var 21. jan 1938 að leigja Skúla Thorarensen.
4. Eftir beiðni Sigurgeirs Einarssonar var samþ. að kaup hans á lóðinni nr. 7 við Túngötu sbr. kaupsamningi 17. maí 1934, megi ganga til baka, en bæjarsjóður endurgreiði ekki þann hluta kaupverðsins sem var greiddur við undirskrift samnings.
5. Í sambandi við kaup á erfðafestulöndum dánarbús Sigríðar Þorláksdóttur, Rauðará, vill bæjarráð samþykkja að útihús við Rauðará megi standa í 12 ár.
6. Lagt fram bjref frá berklayfirlækni dags. 10. þ.m. viðvíkjandi læknisskoðun (berklarannsókn) á mjólkurkúm.
7. Lagt fram brjef frá Skógræktarfelagi Íslands þar sem farið er fram á að bæjarráð vinni að því að skógarleyfar í landi Elliðavatns verði friðaðar fyrir ágangi sauðfjár. Falið rafmagnsstjóra og bæjarverkfræðingi til athugunar.
8. Rafmagnsstjóra falið að ganga ríkt eftir því að menn reisi ekki sumarbústaði í landi Elliðavatns án leyfis og án þess að greiða landleigu.
9. Samþ. að gefa Jafet Hjartarsyni ársfrí frá störfum við Rafmagnsveituna frá næstu áramótum og að hann ráði í sinn stað Svein Kragh og greiði honum kaup skv. fyrirsögn rafmagnsstjóra.
10. Íþróttafjelag Reykjavíkur sækir um styrk til starfsemi sinnar á Kolviðarhóli.
11. Guðm. I. Guðjónsson kennari sækir um ábyrgð bæjarsjóðs fyrir kr. 6000 láni úr Lífeyrisjóði barnakennara með 2. veðrjetti í húseigninni nr. 8 við Flókagötu, næst á eftir kr. 10.000.- til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Samþ. að mæla með beiðninni með sömu skilyrðum og áður hafa verið sett fyrir tilsvareandi ábyrgðum.

12. Lagt fram brjef frá Stjettarfjelagi barnakennara með beiðni um að föstum kennurum við barnaskólana verði greidd sömu laun fyrir stundakennslu sem tímakennurum er greidd.
13. Formaður skólanefnda Laugarnesskólans sendir áskoranir nokkurra foreldra í skólahverfinu um að bæjarsjóður greiði fargjöld fyrir börn þeirra með strætisvögnum.
14. Synjað erindi Jóns Þorsteinssonar um hækkun á endurgjaldi fyrir sjúkraleikfimi skólabarna.
15. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 29. þ.m.
16. Synjað erindi oddvitans í Aðaldælahreppi um lækun á skuld hreppsins við bæjarsjóð.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Eiríksson

Jakob Möller Pétur Halldórsson

Stefán Jóh. Stefánsson Bjarni Benediktsson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 7. oktbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá Kristófer Grímssyni Sogahlíð þar sem hann býður bæjarsjóði að kaupa þann hluta Sogamýrarblettis XXIII, sem hann hefir á erfðafestu. Falið bæjarverkfræðingi til umsagnar.
2. Háskólarektor fer fram á afsal til Háskólans fyrir lóð undir byggingar stofnunarinnar, sbr. samþykkt bæjarstjórnar 20 febr. 1936. Falið bæjarverkfræðingi til umsagnar.
3. Undirbúningsnefnd Kirkjumála í Laugarnesskólahverfi sækir um að fá mælda lóð fyrir kirkjubyggingu.
4. Bæjarráð vill fyrir sitt leyti samþykkja að Skúli Jóhannsson hafi auglýsingaturnna á Óðinstorgi og við Vatnsþró, með skilyrðum sem áður hafa gilt, enda hafi bæjarverkfræðingur eftirlit með því að turnarnir líti sæmilega út.
5. Fallist á tillögu bæjarverkfræðings um að ætla smáhýsum byggingarlóðir í Rauðarártúni, þó ekki fyrst um sinn á öðru svæði en bærinn hefir fest kaup á.
6. Samþ. að gefa Indriða Níelssyni Leifg. 19 kost á leigulóðinni nr. 1 við Hrefnugötu.
7. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 6. þ.m.
8. Lögð fram tillaga um að hefja atvinnubætur, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 6.þ.m.
9. Lögð fram tillaga um að hefja mat- og mjólkurgjafir í barnaskólanum, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 6. þ.m.
10. Samþ. að gefa skólalæknum kost á 5 ára ráðningarsamningi.
11. Samþ. að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að veitt verði innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir nauðsynlegustu byggingarefnum til þess að vinna við byggingar hjer í bænum stöðvist ekki.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Bjarni Benediksson Jón Björnsson
Guðm. Eiríksson Jakob Möller

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 14. oktbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leyfa Þorfinni Vigfússyni Njg. 54 að byggja viðbótarbyggingu úr timbri á erfðafestulandinu Kaplaskjólshletti. áætlað kostnaðarverð 1200 krónur.
2. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 62 (*Reynimel*) Víðimel við Sigurjón Guðmundsson Hringbraut 151.
3. Iðnaðarmennafjelagið í Reykjavík spyrst fyrir um hvort fyrirhugað muni vera enn, að framlengja Amtmannsstíg yfir lóð fjelagsins við Ingólfstræti.
4. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið tilkynnir með brjefi dags. 10. þ.m. að skipulagsnefnd kauptúna og sjávarþorpa skuli skv. l. 64/1938 hafa með höndum skipulagsmál Reykjavíkur í samvinnu við bæjarstjórn.
5. Skipulagsnefndin skrifar um nokkur atriði varðandi skipulag Reykjavíkur og óskar eftir samvinnu við bæjarstjórn um þau mál. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
6. Erindi Lúðrasveitar Reykjavíkur um rafmagnshitun Hljómskálans vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.
7. Hafnað sölutilboði Margrjetar Árnason á c.a. 2 ha. skák í Skildinganeslandi.
8. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 13.þ.m.
9. Lagt fram brjef frá stjórn Vinnumiðlunarskrifstofunnar um atvinnuleysi í bænum.
10. Stjórn Verkamannafjel. Dagsbrún sendir tillögur sem samþykktar voru á fjelagsfundi 7. þ.m. viðvíkjandi bæjarvinnu og atvinnubótavinnu.
11. Dósaverksmiðjan h.f. sækir um ca. 1700 ferm. lóð undir verksmiðjubyggingu í landi Njarðarstöðvarinnar. Falið bæjarverkfræðingi til umsagnar.
12. Samþ. að gefa Þorsteini Einarssyni Holtsg. 37 kost á leigulóðinni nr. 49 og 51 við Reynimel.
13. Samþ. að gefa Þorsteini Árnasyni Hringbr. 159 kost á leigulóðinni nr. 57 við Víðmel.

14. Samþ. að gefa Guðm. H. Oddssyni Hofsv. 25 kost á leigulóðinni Flókagötu 13.
15. Samþ. að taka tilboði Þorsteins Sigurðssonar í miðbyggingu Suðurpóls, þó ekki vesturendan, fyrir 700 kr. Járn fylgir ekki.
16. Ákveðið að taka engu tilboði sem hafa borist í fjós- og hlöðu á Vatnsmýrarbl. I.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson

Guðm. Eiríksson Jón Björnsson

Jakob Möller Bjarni Benediktsson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 21. oktbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Jón Lýðsson Grett. 75 sækir um erfðafestulandi Sogamýrarbl. LVI. Falið bæjarverkfr. til umsagnar.
2. Umsóknum Jónasar Jónssonar, Halldórs Jónssonar og Harðar Bjarnasonar um leigulóðir við Hringbraut, suður af Eríksgötu, vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.
3. Nokkrir húseigendur við Víðimel óska þess að gatan verði gerð vestan Hofsvalla- götu. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.
4. Erindi Flugfjelags Akureyrar um rafmagnsleiðslu að flugskýli fjelagsins við Skerjafjörð vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.
5. Lagður fram úrskurður gerðardóms í ágreiningsmáli S.Í.S. við bæjarsjóð um endurgreiðslu fyrir vatnslögn að húsi fjelagsins við Sölfhólsgötu.
6. Skipsfjelaði í Reykjavík skrifar um möguleika fjelagsins til þess að færa út kvíarnar innan hafnarinnar og sendir tillögur um skipulagsbreytingar sem það telur æskilegar til þess að svo megi verða. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.
7. Lögreglustjóri leggur til að bæjarstjórn skipi frá 1. nóvbr. n.k. 18 lögregluþjóna sem hafa verið settir lögregluþjónar frá 1. mars 1937, en einn frá 1. júlí 1937. Vísað til bæjarstjórnar.
8. Þeir lögregluþjónar er getur í 7. lið fara fram á, að aldursuppbætur verði greiddar þeim eftir sömu reglum og settar voru er lögregluþjónum var fjölgað næst áður.
9. Samþ. að selja Einari Pjeturssyni Miðstr. 12 lóðina sem Briemsfjós stóð á fyrir 19 kr. pr. ferm.
10. Fjelag íslenskra hjúkrunarkvenna sækir um styrk úr bæjarsjóði árið 1939, til móts norrænna hjúkrunarkvenna hjer í Reykjavík næsta sumar.
11. Framkvæmdastjórn Íslandssýningar í New-York 1939 fer fram á að bæjarsjóður leggi fram 12000 kr. til sýningarinnar gegn því að stjórnin láti Reykjavíkurbæ í tje líkneski úr bronsi af Þorfinni karlsefni eftir Einar Jónsson. Bæjarráð mælir með því að fjárveitingin verði tekin upp í fjárhagsáætlun næsta árs.

12. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 20. þ.m.
13. Lögð fram skýrsla um rekstur sundhallarinnar í septbr. mánuði.
14. Stjórn verkamannafjel. Dagsbrún sendir tillögur sem voru samþ. á fjelagsfundi 18. þ.m. viðv. atvinnuleysi verkamanna..
15. Samþ. að hefja atvinnubætur næstk. fimmtudag með 50 verkamönnum af hálfu bæjarins og jafnframt æskir bæjarráð þess að ríkisstjórnin hafi jafnmarga menn í atvinnubótavinnu til nýárs og bæjarstjórnin.

Jón A. Pjetursson bar fram svohlj. tillögu:

Bæjarráð samþykkir að hefja atvinnubótavinnu næstkomandi fimmtudag með 250 manns og skorar á ríkisstjórnina að kosta vinnuna að hálfu leyti. Meirhl. bæjarráðs taldi tillöguna afgreidda með samþykkt þeirri sem fyr er bókuð og var gerð með 4:1 atkv.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slið.

Pétur Halldórsson

Jakob Möller Helgi H. Eiríksson

Bjarni Benediktsson Jón Axel Pétursson

Guðm. Eiríksson

B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1938, föstudaginn 28. oktbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Petta gerðist:

1. Samþ. að leyfa frú Sigfríð K. Þormar að byggja geymslu- og refahús á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XXXII, enda verði húsið tekið af lóðinni bæjar-sjóði að kostnaðarlausu þegar krafist verður.
2. Eigendur húsanna Litlavallar og Mýri A við Nýlendugötu fara þess á leit að húsunum verði gert kleyft að ná sambandi við holræsi.
3. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra um erindi Flugfjelags Akureyrar 14. þ.m., þar sem farið er fram á að rafmagnsleiðsla verði lögð að skýli fjelagsins við Skerjafjörð. Bæjarráð vill ekki verða við erindinu um að heimtaugin verði lögð á kostnað Rafmagnsveitunnar.
4. Samþ. að tilkynna erfðafestuhafa Sogamýrarbletts LIV að landið verði tekið úr erfðafestu, þar sem ræktun landsins er lítið sem ekkert á veg komin.
5. Samþ. að leigja Dósaverksmiðjunni hf. 1616 ferm. lóð til verksmiðjubyggingar úr landi Njarðarstöðvarinnar í Rauðarártúni, eftir útvísun bæjarverkfræðings. Leigutíminn verði 30 ár.
6. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 27. þ.m.
7. Óskar Halldórsson útgerðarm. spyrst fyrir um hvort bæjarstjórn vilji ábyrgjast annað veðrjettarlán út á 3 - 4 mótorbáta, 50 - 60 tonna, sem yrðu keyptir til landsins frá Danmörku. Ákveðið að fá umsögn Hafsteins Bergþórssonar um erindið.
8. Útsvarsmál: Diðrik Helgason trjesmíðam., Sig. Arnalds umboðsali, A. Obenhaupt kaupm.

Fleira gerðist ekki.
Fundí slitið.

Pétur Halldórsson
Guðm. Eiríksson Jón Björnsson
Bjarni Benediktsson

B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1938, föstudaginn 4. nóvember. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að verkfæraskúr og hesthús úr timbri megi standa á erfðafestulandinu Norðurmýrarbletti XIII, enda verði byggingin tekin burtu bæjarsjóði að kostnaðarlausu þegar krafist verður.
2. Stjórn h.f. Land tilkynnir að fjelagið vilji selja erfðafesturjett sinn til landanna Einholtsblettis og Sauðaggerðisblettis nyrðri með viðauka fyrir kr. 6343. - Sem borgarstjóri hefir boðið, sbr. fundargerð bæjarráðs 25. mars 1938, 13. lið.
3. Skipulagsnefndin óskar þess að óbyggðum svæðum verði ekki ráðstafað til bygginga nema í samvinnu við nefndina.
4. Lagt fram erindi fjögurra erfðafestuhafa í Fossvogi um að Klifvegur verði gerður akfær nú í vetur.
5. Synjað erindi Flugfjelags Akureyrar um að vatnsæð verði lögð að flugskýli fjelagsins við Skerjafjörð.
6. Erindi Flugfjelags Akureyrar um aðstoð við vegalagningu að flugskýlinu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
7. Flugmálafjelag Íslands sækir um landssvæði undir flugvöll í Vatnsmýrinni og sendir lauslega kostnaðaráætlun og uppdrátt af fyrirhuguðum velli eftir Gústaf E. Pálsson verkfræðing. Falið bæjarverkfræðingi til umsagnar.
8. Nokkrir menn sem undanfarið hafa verið flokksstjórar í bæjarvinnu, aðallega við atvinnubætur, fara þess á leit að fá venjulega bæjarvinnu þann tíma sem þeir gegna ekki flokksstjórastörfum.
9. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþ. að veita Henry Aaberg löggildingu sem rafvirkjameistara.
10. Lögð fram skýrsla Björns Snæbjörnssonar, og Vilh. S. Vilhjálmssonar um vinnu og námskeið atvinnulausra unglinga síðastl. vetur.
11. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 17. f.m. Bæjarráð samþykkir veitingastofur þær er getur í 1., 2. og 4. lið fundargerðarinnar, er fullnægt er settum skilyrðum að því er 4. lið snertir.

12. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 3. þ.m.
13. Lögð fram tillag frá Jóni A. Pjeturssyni er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 3. þ.m.
14. Lögð fram tillaga frá fulltrúum kommúnistaflokksins sem var vísað til bæjarráðs á bæjarstjórnarfundi 3. þ.m. Tillagan felld.
15. Ákveðið að fá umsögn lögreglustjóra um fyrirhugaða breytingar á ferðum strætisvagna um bæinn.
16. Bæjarráð mælir með því að Háskólanum verði fengnar nokkrar lóðir undir íbúðarhús fyrir prófessora suður af háskólalóðinni, enda samþykki bæjarráð stærð og lögum lóðanna. Guðm Eiríksson var mótfallinn ályktuninni.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson

Jakob Möller Jón Björnsson

Guðm. Eiríksson Bjarni Benediktsson

Jón Axel Pétursson

B Æ J A R R Á Þ .

Ár 1938, föstudaginn 11. nóvember. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Beiðni Byggingarsamvinnufjelags Reykjavíkur um tvær lóðir undir tveggja-íbúðarhús á Melunum vísað til bæjarverkfræðings.
2. Samþ. að leyfa Árna Pjeturssyni að reisa bílskúr úr holsteini á erfðafestulandinu Háþéjarbletti, enda verði skúrinn tekinn burtu bæjarsjóði að kostnaðarlausu þegar er krafist verður.
3. Lagt fram brjef frá Þorbirni Bjarnasyni Víf. 24 viðvíkjandi útsvarskuldum.
4. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 6 við Hrefnugötu við Einar Einarsson byggingarmeistara.
5. Ragnar Þórarinsson ofl. óska eftir ákveðnu svari við erindi sínu dags. 22. apríl s.l. um lóðir undir smá timburhús innan takmarka bæjarins. Bæjarráð vísar til samþykktar sinnar á fundi 7. oktbr., 5. lið. Jón Björnsson óskar bókað, að hann sje mótfallinn þeirri ályktun, sem þar var gerð.
6. Ákveðinn 30 ára leigutími á lóð sem ætlað er að leigja Vegagerð ríkisins úr landi Njarðarstöðvarinnar í Rauðarárlandi.
7. Erindi Skautafjelags Reykjavíkur um aðstoð við að gera skautasvell á tjörninni og lýsa það, vísað til bæjarverkfræðings og rafmagnsstjóra til umsagnar.
8. Steinunn Bjartmardóttir sækir um ársfrí frá kennslustörfum frá 1. okt. 1939 og utanfararstyrk. Bæjarráð mælir ekki með umsókninni.
9. Lögð fram umsögn Hafsteins Bergþórssonar um erindi Óskars Halldórssonar er getur í fundargerð bæjarráðs 28. f.m., 7. lið. Bæjarráð mælir ekki með ábyrgðarbeiðninni í brjefi Óskars Halldórssonar.
10. Stjórn Verkamannafjel. „Dagsbrún“ mótmælir því að bifreiðastjórum í atvinnubótavinnu sje greitt ákvæðisvinnukaup í stað tímakaups sbr. texta Vörubíla-stöðvarinnar „Þróttur“.
11. Samþ. að taka ekki fatageymslugjald af sjómönnum sem sækja sundkennslunámskeið í sundlaugunum.

12. Lögð fram tilkynning um samþykkt á fundi Verkavennafjelagsins „Framsókn“ 8. þ.m. viðv. atvinnubótum fyrir konur. Falið borgarstjóra til meðferðar.
13. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 9. þ.m.
14. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið tilkynnir með brjefi dags. 9. þ.m., að ráðuneytið sje hlynt tillögum Skógræktarfelags Íslands um friðun skógarleyfa í landi Elliðavatns-, Hólms- og Vatnsenda, en telji hlutverk bæjarstjórnar Reykjavíkur að beita sjer fyrir framkvæmdum.
15. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra viðv. frv. rafmagnseftirlits ríkisins að reglugerð um lágmarkskörfur um kunnáttu starfsmanna við raforkuveitu, svo og umsagnir tveggja starfsmanna Rafmagnsveitunnar um frumvarpið.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson

Stefán Jóh. Stefánsson Jón Björnsson

Bjarni Benediktsson Guðm. Eiríksson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 18. nóvember. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að gefa Aðalsteini Sigurðssyni Víf. 15 og Svavari Benediktssyni Skólav. 33 kost á leigulóðunum nr. 21 og 23 við Skeggjagötu.
2. Umsókn Andriesar Andriessonar Lvg. 3 um leigulóðir vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
3. Samþ. að gefa Einari Jóhannssyni Mánag. 5 og Valgeiri Jónssyni Hringbr. 75 kost á leigulóðunum nr. 26 og 28 við Gunnarsbraut.
4. Samþ. að fela skrifstofu bæjarverkfræðings að gera tillögur um lóðaskiftingu á svæðinu suður af háskólalóðinni.
5. Atvinnuleysisnefnd „Dagsbrúnar“ skorar á bæjarráð að hefja mjólkur- og matgjafir í barnaskólanum nú þegar.
6. Gunnar Halldórsson Bergþ. 27 sækir um vinnu hjá bænum eða bæjarfyrirtækjum.
7. Lögð fram tilkynning um ályktun fjelagsfundar í Verkamannafjel. „Dagsbrún“ 11. þ.m. viðv. atvinnubótum.
8. Lögð fram tillaga frá Ársæli Sigurðssyni sem var vísað til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 17. þ.m. viðv. atvinnubótum.
9. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunna um skrásetta atvinnulausa verkamenn 17. þ.m.
10. Samþ. að fjölga í atvinnubótavinnu um 20 manns frá næsta mánudegi.

Fleira gerðist ekki.
Fundí slitið.

Pétur Halldórsson
Guðm. Eiríksson
Jakob Möller Jón Björnss.
Bjarni Benediktsson Stef. Jóh. Stef.

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 22. nóvember. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Petta gerðist:

Útsvarsmál: Anna Þórhallsdóttir Tjarn. 16, Svava Tryggvadóttir Öld. 57, Þórhallur Jóhannsson Engjahlíð, Herbert Steimann Tjarn. 16, Sigurður Sveinbjörnsson Lgv. 147, Sigurður Norðdahl Leifg. 10, Oddur Guðmundsson Smirilsv. 22, Þórarinn Jónsson db. Ávg. 98, Sigurður Einarsson Berg. 8, Rósinkar Guðmundsson Bár. 22, Magnús Magnússon Bar. 63, Helgi Kristjánsson Grett. 71, Hjálmar Jóhannsson Auð. 9, Kristinn Jónsson Kringl. 11, Hallgrímur Oddsson Víf. 4, Ingvar Einarsson Berg. 30b, Leifur E. A. Sigurðsson Hvg. 96b, Kristinn Guðmundsson Freyjug. 35, Jóhannes Elíasson Bráv. 42, Gunnar Sigurgeirsson Amt. 4, Helga L.M. Jónsdóttir Rán. 16, Guðmundur Auðunsson Klapp. 11, Guðrún G. Eggertsdóttir Rán. 14, Guðvarður Vigfússon Hað. 4, Jón Guðmundsson Kár. 13, Guðný Aalen Jóhannsdóttir Hringbr. 173, Guðmundur Jónsson db. Von. 8, Guðmundur Jóhannsson Boston, Friðrik Jónsson db. Lauf. 49, Guðbjörg Þorsteinsdóttir Hvg. 85, Esther Skúladóttir Berg. 45.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson

Valtýr Stefánsson Guðm. Eiríksson

Jakob Möller Bjarni Benediktsson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 25. nóvember. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni frá Valdimari Norðfjörð um leyfi til að byggja timburhús, stærra en 25 ferm., á Fossvogsbletti 35.
2. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 30 við Víðimel við Ólaf Tryggvason, Túngötu 31, og leigusamning, um lóðina nr. 32 við Viðimel við Ólaf F. Ólafsson, Ránargötu 22.
3. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 36 við Víðimel við Kristínu Sveinbjörnsdóttur, Bergþórugötu 1.
4. Samþ. að leigja Tómasi Tómassyni Garðastræti 8, lóðirnar nr. 30 og 32 við Reynimel.
5. Samþ. að gefa Þorsteini Jónssyni, Lindargötu 41, kost á leigulóðinni nr. 26 við Mánagötu.
6. Lagt fram mat lóðamatsnefndar Reykjavíkur á leigu fyrir leigulóðum Dósaverksmiðjunnar h/f og vegagerðar ríkissjóðs við framlengingu Skúlagötu, - Ákveðið að áfrýja mati á lóð vegagerðarinnar.
7. Lagt fram bréf frá Geir Pálssyni þar sem hann fer þess á leit að fá leyfi til þess að gera ýmsar breytingar á húsinu nr. 6. við Mjóstræti.- Bæjarráðið vill fyrir sitt leyti ekki leyfa þessar breytingar.
8. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra um beiðni Lúðrasveitarinnar um ókeypiss rafmagn til þess að hita upp Hljómskálann. - Rafmagnsstjóra heimilað að semja um sölu á rafmagni til þessa með sömu kjörum og aðrir hafa fengið best.
9. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra um beiðni stjórnar Skautafélags Reykavíkur um lýsingu skautasvells á tjörninni. Samþ. að setja upp ljóskastara á Tjarnarbrúnni en bæjarverkfræðingi falið málið til afgreiðslu að öðru leyti.
10. Samþ. að setja upp ljósbaðatæki í Miðbæjarskólanum. Bæjarverkfræðingi falið að sjá um framkvæmdir í samráði við lækni skólans.
11. Lögð fram beiðni frá Brynjólfi Þorlákssyni söngkennara um allt að 1500 króna lífeyrisstyrk úr bæjarsjóði. Vísað til fjárhagsáætlunar.

12. Lögð fram beiðni frá Arnljóti Guðmundssyni lögfr. um 1500-2000 króna utanfararstyrk til þess að kynna sér fátækramál.- Vísað til fjarhagsáætlunar.
13. Samþ. að taka úr erfðafestu 530 m² af Sogamýrarbl. XXI og afsala til Rafmagnsveitunnar undir spennistöð.
14. Lögð fram tilkynning frá Verkamannafélaginu Dagsbrún um að þeir muni leggja ágreining um kaup bifreiðarstjóra í atvinnubótavinnunni undir félagsdóm.
15. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í dag.
16. Lögð fram skýrsla um rekstur Sundhallarinnar í október.
17. Lagt fram bréf frá lögreglustjóra um byggingar við fangahúsgarðinn.
18. Lagt fram og samþykkt uppkast að bréfi til skipulagsnefndar til svars bréfi nefndarinnar, dags. 12. okt. s.l.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson

Jakob Möller Stefán Jón. Stefánsson

Bjarni Benediktsson Guðm. Eiríksson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 2. des. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram matsgerð um lóðarskika úr lóðinni Skólavörðustígur 11, sem kaupa á undir framlengingu Grettisgötu.
2. Synjað beiðni frá Andrési G. Þormar um að honum verði endurgreiddur kostnaður við að leggja skolpleiðslur frá húsunum nr. 108-114 við Hringbraut.
3. Lagt fram bréf frá umferðaráðinu viðvíkjandi umferðaráðstöfunum.
4. Lögð fram tilkynning frá atvinnumálaráðuneytinu um að það hafi staðfest reglugerð um fasteignaskatt í Reykjavík.
5. Lögð fram beiðni frá Þorbjörgu Benediksdóttur kennara um að hún haldi launum sínum í september, en þá dvaldi hún erlendis. - Vísað til bæjarstjórnar.
6. Lagt fram bréf frá eigendum sælgætis- og tóbaksverzlanan í bænum, þar sem þeir fara þess á leit, að þeim verði leyft að hafa þessar verzlanir opnar til kl. 11 1/2 e.h. alla daga. - Ákveðið að óska umsagna Verzlunarráðsins.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson

Jakob Möller Stefán Jóh. Stefánsson

Jón Björnsson Guðm. Eiríksson

Bjarni Benediktsson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 9. des. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Petta gerðist:

1. Stjórn Verkamannafélagsins Dagsbrún og tveir menn úr atvinnuleysisnefnd félagsins komu á fundinn og ræddu við bæjarráðið um atvinnuleyfið í bænum.
2. Lagt fram bréf frá Sjómannafélagi Reykjavíkur þar sem skorað er á bæjarráð og ríkisstjórn að auka fjárframlög til atvinnubóta.
3. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.
4. Bæjarráðið samþykkir fyrir sitt leyti, að Gísla Þorsteinssyni, Ránargötu 29, verði leyft að hafa loðdýrarækt á erfðafestulandinu Krossamýrarbletti XIII.
5. Samþ. að heimila borgarstjóra að leigja Birni Guðmundssyni, Njálsgötu 80, lóðina nr. 5 við Auðarstræti.
6. Samþ. að leigja hanskaverksmiðjunni Rex byggingarlóð við Skúlagötu, 945 ferm. að stærð.
7. Lagt fram bréf frá Skipulagsnefnd viðvíkjandi samvinnu nefndarinnar við byggingarnefnd.
8. Lagt fram bréf frá Hestamannafélaginu Fáki þar sem þess er óskað, að félaginu verði afhent landsvæði sunnan undir Öskjuhlíðinni.
9. Lagt fram bréf frá forstöðumönnum sjómannadagsins þar sem þess er óskað, að þeim verði látið í té ókeypis rafmagn til þess að lýsa upp minnismarki óþekhta sjómannsins í Fossvogskirkjugarði. Vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.
10. Lögð fram tilkynning frá Dómsmálaráðuneytinu um að ráðuneytið hafi staðfest tillögur um breytingar á lögreglusamþykktinni, sem bæjarstjórn hefir samþykkt.
11. Lögð fram tillaga frá lögreglustjóra um breytingu á lögreglusamþykktinni.
- Borgaritari falið að semja frumvarp til breytingarinnar.
12. Lögð fram umsögn bæjarverkfræðings um erindi Slippfélagsins viðvíkjandi legu Mýrargötu og stækkun á Slippstöðinni.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Tómas Jónsson
Guðm. Eiríksson Stefán Jóh. Stefánsson
Bjarni Benediktsson
Jón Björnsson

BÆJARRÁÐ.

Laugardaginn 10. desbr. 1938 kl. 2 e.h. voru opnuð tilboð um brunatryggingar í húseignum í Reykjavík skv. útboði bæjarstjórnar dags. 16. septbr. 1938.

Tilboðin voru opnuð í skrifstofu borgarstjóra og voru viðstaddir af hálfu bæjarstjórnar Tómas Jónsson borgarritari og dr. Björn Björnsson hagfr. en af bjóðendum voru viðstaddir; F. Rütger forstjóri váttryggingafjel. Albingia Hamburg, K. Zimsen fyrrv. borgarstjóri, Brynjólfur Stefánsson forstjóri, Ásgeir Þorsteinsson, forstjóri, Halldór Stefánsson forstjóri, Pjetur Halldórsson skrifstofustjóri, Már Benediktsson f.h. Geirs H. Zöega og dr. M. Keil.

Áður en tilboð voru opnuð var lagt fram símskeyti frá Hull, Blyth og Co. Ltd., London þar sem tilkynnt er að tilboð hafi verið sett í póst þar hinn 5. þ.m. og sje það væntanlegt hingað 12. þ.m. Var ákveðið að tilboðið skyldi tekið til greina og það opnað hjer á skrifstofunni þriðjudaginn 13. þ.m. kl. 2 e.h.

Þessi tilboð bárust:

1. Albingia, Versicherungs-Aktiengesellschaft Hamburg, dags. 9. desbr. 1938.
2. Gladbacher Feuerversicherung AG, M. Gladbach dags. 26. nóvbr. 1938
3. Brand- och Lifförsäkrings A.B. Skagne Malmö, dags. 28. nóvbr. 1938.
4. Sjóváttryggingarfelag Íslands h.f., Reykjavík dags. 9. desbr. 1938.
5. Brunabótafelag Íslands, Reykjavík dags. 8. desbr. 1938.
6. Sedgwick, Collins og Co., Ltd., London dags 29. nóvbr. 1938.
7. Caledonian Insurance Company, London dags. 25. nóvbr. 1938.

Tómas Jónsson
Björn Björnsson

BÆJARRÁÐ.

Hinn 13. desbr. 1938 kl. 2. e.h. var opnað á skrifstofu borgarstjóra brjef frá Hull Blyth og Co. Ltd, London, með tilboði sem firmað gerir í brunatryggingar í Reykjavík f.h. Alliance Assurance Co. Ltd., London og var tilboð þetta afhent viðstöddum umboðsmönnum bæjarstjórnar, Tómasi Jónssyni borgarritara og dr. Birni Björnssyni hagfr. Er tilboðið var opnað voru og viðstaddir Geir H. Zöega kaupm., en til hans var brjef Hull Blyth Co Ltd. og með honum Már Benediktsson verzlsm.

Tómas Jónsson
Björn Björnsson

B Æ J A R R Á Þ .

Ár 1938, föstudaginn 16. des. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 10 við Skeggjagötu við Guðjón Júlíusson, Njarðargötu 37 og Þorkel Gíslason, Hverfisgötu 58.
2. Samþ. að láta í té ókeypis rafmagn til þess að lýsa upp minnismarki óþekhta sjómannsins í Fossvogskirkjugarði og rafmagnsstjóra falið málið til afgreiðslu.
3. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.
4. Samþ. að fækka ekki í atvinnubótavinnunni vikuna 22.-30. des.
5. Lagt fram bréf frá atvinnumálaráðuneytinu um ríkissjóðsframlag til atvinnubóta. - Borgarstjóra falið að svara bréfinu með rökstuddum mótmælum.
6. Lagt fram bréf frá Félagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda, þar sem þess er óskað, að bæjarstjórnin noti heimild í 2. gr. laga frá 11. maí 1938, um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenskra botnvörpunga, til þess að undanþygga nefnd fyrirtæki útsvari til Reykjavíkurbæjar á yfirstandandi ári. - Samþ. að leggja til við bæjarstjórn, að heimildin verði notuð.
7. Lögð fram umsögn lögreglustjóra um fyrirhugaðar breytingar á ferðaáætlun Strætisvagna Reykjavíkur. Ákveðið að fallast ekki á breytingarnar þar sem þær fullnægja ekki þeim skilyrðum, sem bæjarstjórn hefir sett.
8. Lagt fram bréf frá Halldóru Björnsdóttur, Spítalastíg 5, þar sem þess er óskað, að bærinn taki að sér framkvæmd á hugmynd hennar um framleiðslu fiskimjöls til menneldis. - Bæjarráðið vill ekki sinna erindinu.
9. Lögð fram beiðni frá Arngrími Kristjánssyni um leigulóð í Skildinganessskólahverfi. - Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
10. Lögð fram álitsgjörð bæjarverkfræðings um fyrirhugaðann flugvöll í Vatnsmýrinni.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Tómas Jónsson
Guðm. Eiríksson Bjarni Benediktsson
Helgi H. Eiríksson Jakob Möller

BÆJARRÁÐ.

Ár 1938, föstudaginn 30. des. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Blaðamannafélag Íslands fer þess á leit, að það fái sömu hlunnindi um aðgang að Sundhöllinni fyrir meðlimi sína og stúdentar hafa fengið. ~~Synjað.~~
2. Lagðar fram matsgerðir lóðanefndar um leigu eftir lóð. h/f Nóa við Barónsstíg, lóð Björns Benediktssonar á horni Holtsgötu og Hringbrautar, lóð Strætisvagna Reykjavíkur h/f við Hringbraut, lóð h/f Lifur og bein við Köllunarklettsveg, lóð Reykhússins Reykur í Rauðarásholti og lóð Hannesar Magnússonar í Rauðarásholti.
3. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandu Köllunarklettsbletti í Laugarneslandi hinu forna fyrir kr. 8691,51. - Hafnað.
4. Lagt fram bréf frá Arngrími Kristjánssyni þar sem hann vekur athygli á nauðsyn skólahússbyggingar í Skildinganesi.
5. Lögð fram skýrsla vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna þann 22. þ.m.
6. Lögð fram skýrsla um rekstur Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar frá 1. mars til nóvemberloka.
7. Synjað að svo stöddu kröfu frá Elliheimilinu Grund um greiðslu á kr. 6722,52, út af dvöl Jóns Snorra Árnasonar og Sigríðar Guðmundsdóttur.
8. Lagðar fram tillögur um breytingar á ferðaáætlun Strætisvagnanna. - Bæjarráðið samþykkir tillögurnar til reynslu fyrir sitt leyti. - Jón Axel Pétursson óskaði bókað, að hann væri á móti tillögunni.
9. Samþ. að segja Thyra Loftsson upp tannlæknisstarfi hennar við barnaskólana með sex mánaða fyrirvara frá næstu áramótum.
10. Lögð fram og rædd drög að frumvarpi til fjárhagsáætlunar bæjarsjóðs og bæjarstofnana árið 1939.
11. Útsvarsmál: Sigurbjörn Á. Gíslason.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið.

Tómas Jónsson
Jakob Möller Jón Axel Pétursson
Bjarni Benediktsson Guðm. Eiríksson

[365. fundur]

